

**98., 99. og 100.  
Alþjóðavinnumálaþingið  
í Genf 2009 - 2011**

**Skýrsla velferðarráðherra  
Guðbjarts Hannessonar  
til Alþingis**

**Velferðarráðuneytið  
febrúar 2013**

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	4
2. 98. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2009 .....	7
2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA .....	7
2.2 KJÖRBRÉFANEFND .....	8
2.3 FJÁRMÁL .....	8
2.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA .....	9
2.5 HIV, ALNÆMI OG VINNUMARKAÐURINN .....	10
2.6 ÁÆTLUNIN UM MANNSÆMANDI VINNUSKILYRÐI .....	11
OG JAFNRÉTTI KYNJANNA .....	11
2.7 AFLEIÐINGAR BANKA- OG FJÁRMÁLAKREPPUNAR Á .....	12
FÉLAGS- OG VINNUMÁL .....	12
3. 99. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2010 .....	13
3.1 Skipulag og þátttaka .....	13
3.2 KJÖRBRÉFANEFND .....	13
3.3 FJÁRMÁL .....	14
3.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA .....	14
3.5 HIV, ALNÆMI OG VINNUMARKAÐURINN .....	16
3.6 VINNUSKILYRÐI ÞJÓNUSTUFÓLKS Á HEIMILUM .....	17
3.7 STEFNA Í VINNUMÁLUM .....	18
4. 100. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2011 .....	19
4.1 Skipulag og þátttaka .....	19
4.2 KJÖRBRÉFANEFND .....	20
4.3 FJÁRMÁL .....	21
4.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA .....	21
4.5 VINNUSKILYRÐI ÞJÓNUSTUFÓLKS Á HEIMILUM .....	23
4.6 ALMANNATRYGGINGAR .....	24

4.7 SKIPULAG VINNUMIÐLUNAR OG VINNUEFTRLITS.....	25
Fylgiskjal I.....	27
TILMÆLI NR. 200 UM HIV, ALNÆMI OG VINNUMARKAÐINN .....	27
Fylgiskjal II .....	39
Samþykkt nr. 189, um þjónustufólk á heimilum, 2011 .....	39
Fylgiskjal III.....	47
Tilmæli nr. 201, um þjónustufólk á heimilum, 2011 .....	47
Fylgiskjal IV.....	54
Endurskoðuð skrá yfir atvinnusjúkdóma .....	54
Viðauki I .....	54
Tilmæli nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, 2002.....	54
Viðauki II.....	55
Endurskoðuð skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma.....	55
afgreidd af 307. fundi stjórnarnefndar.....	55
alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í mars 2010.....	55
Fylgiskjal V .....	60
Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar .....	60
kjörtímabilið 2011–2014. ....	60

# Skýrsla

**velferðarráðherra, Guðbjarts Hannessonar,  
til Alþingis um þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) sem haldin  
voru á árunum 2009 - 2011.**

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

---

## 1. INNGANGUR

Afleiðingar banka- og fjármálakreppunnar hafa haft margvísleg áhrif á þjóðlíf og stjórn-sýslu. Áhersla hefur verið lögð á að ná jafnvægi í fjármálum hins opinbera. Nauðsynlegt hefur reynst að skerða framlög til viðfangsefna eða jafnvel fella þau niður. Ekkert hefur verið undanskilið. Fjárveitingar vegna erlendra samskipta hafa ekki farið varhluta af þessari stefnu. Í fyrsta skipti frá aðild Íslands að Alþjóðavinnuálastofnuninni (International Labour Organization – ILO) átti félags- og tryggingamálaráðuneytið, síðar velferðarráðuneytið, ekki fulltrúa í sendinefnd Íslands á Alþjóðavinnuálastofnuninni á tímabilinu 2009 – 2011 eða fulltrúi þess tók einungis þátt í hluta þinghaldsins. Af þessum sökum hefur dregist að leggja fyrir Alþingi skýrslur um þingin. Með þessari skýrslu er Alþingi gerð grein fyrir þremur Alþjóðavinnuálastofnunum, þ.e. 98., 99. og 100. Í samræmi við ákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru birtar sem fylgiskjöl þær samþykktir og tilmæli sem þingin afgreiddu á þessu tímabili.

Það að alþjóðastofnun haldi sitt 100. þing gefur tilefni til að staldra við, líta um öxl og rifja upp nokkur atriði úr sögu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem bráðum spannar heila öld.

Þau ákvæði sem Alþjóðavinnuálastofnunin byggir tilvist sína á er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versöllum 28. júní 1918. Þeir samningar bundu endi á fyrri heimstyrjöldina, einhverjar blóðugustu og mannskæðustu hörmungar sem mannkynið hafði gengið í gegnum fram að þeim tíma. Í XIII. kafla samningsins er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða. Varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að hvatinn að þeim árekstrum sem leiða til styrjalda þjóða í milli leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búi við í hinum ýmsu löndum.

Drög að stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar voru samin á tímabilinu janúar til apríl 1919 af vinnuáráði sem skipað var af samninganefndinni sem gekk frá friðar-samningunum. Niðurstaðan var að leggja til að komið yrði á fót stofnun sem byggði á samvinnu fulltrúa ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Tillagan um samstarf þessara aðila á vettvangi alþjóðastofnunar þótti nýstárleg. Hún var þó ekki að öllu leyti úr lausu lofti gripin. Að hluta til byggði hún á reynslu sem hafði fengist með starfsemi Alþjóðasamtaka um vinnurétt sem voru stofnuð í Basel árið 1901. Hugmyndir um stofnun

alþjóðasamtaka um félags- og vinnumál komu fram fyrr eða á seinni hluta nítjándu aldar. Þær voru fyrst og fremst bornar fram af tveimur brautryðjendum á sviði félags- og mannúðarmála, Bretanum Robert Owen (1771 – 1853) og Frakkanum Daniel Legrand (1783 – 1859).

Hvatinn sem gerði Alþjóðavinnuálastofnunina að veruleika fólst í þörfinni fyrir auknið öryggi, tilraun til að koma í veg fyrir endurteknar hörmungar sem og af efnahagslegum aðstæðum. Sjónarmið um að arðrán launafólks í iðnríkjum þessa tíma og það félagslega óréttlæti sem það bjó við væri uppspretta átaka og öryggisleysis náði eyrum almennings og ráðamanna. Einnig hafði skilningur aukist á því að verslun og viðskipti kölluðu á samvinnu þjóða í millum við að skapa atvinnulífina sambærileg samkeppnisskilyrði.

Fyrsta Alþjóðavinnuálagið var haldið í Washington í október 1919. Þingið afgreiddi sex alþjóðasamþykktir sem fjölluðu um vinnutíma í iðnaði, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof, næturvinnu kvenna, lágmarksaldur og næturvinnu ungs fólks í iðnaði.

Starfssemi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hefur eðli málsins samkvæmt dregið mjög dóm af framvindu efnahags-, félags- og vinnumála í heiminum. Heimskreppan sem leiddi af sér fjöldaatvinnuleysi sett sitt mark. Hún vakti Bandaríkjamenn til meðvitundar um þörfina fyrir alþjóðlegt samstarf til að vinna bug á kreppunni. Árið 1932 gerðust Bandaríkin aðildarríki að Alþjóðavinnuálastofnuninni þótt þau gengju ekki í Þjóðabandalagið.

Árið 1944 afgreiddi 26. Alþjóðavinnuálagið stefnumarkandi yfirlýsingu sem kennd er við borgina þar sem þingið var haldið Filadelfu í Bandaríkjunum. Það segir að Alþjóðvinnuálastofnunin byggi starfsemi sína á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinna sé ekki verslunarvara, málfrelsi og félagafrelsi séu frumskilyrði framfara og að fátækt stofni hagsæld í voða. Enn fremur að baráttu gegn skorti þurfi að heyja innan sérhvers þjóðfélags með óbilandi þrótti og samræmdri alþjóðasamvinnu þar sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks eru jafnrétt háir fulltrúum ríkisstjórna.

ILO varð árið 1946 ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Eitt helst viðfangsefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til er banka- og fjármálakreppan sem mörg ríki glíma við. Ákveðið var að umbylta dagskrá 98. Alþjóðavinnuálagingsins árið 2009. Haldnar voru pallborðsumræður með þátttöku þjóðarleiðtoga, oddvita ríkisstjórna og sérfræðinga stofnana og samtaka sem fjalla um efnahags- og félagsmál. Niðurstaða þingsins var afgreiðsla á fyrirmynd að sáttmála ríkisstjórna og samtaka aðila vinnuarkaðarins um sameiginlegar aðgerðir til að bregðast við áhrifum fjármálakreppunnar á félags- og vinnumál.

Þótt umfjöllun um banka- og fjármálakreppuna hafi verið umfangsmikil á tímabilinu voru önnur mikilvægt hagsmuna- og réttindamál á dagskrá. 99. Alþjóðavinnuálagið afgreiddi tilmæli um HIV, alnæmi og vinnuarkaðinn. Með þeim eru settar fram leiðbeiningarreglur fyrir aðildarríkin um aðgerðir og viðbrögð sem miða að því að koma í veg fyrir að þeir sem eru smitaðir af HIV eða alnæmi verði fyrir mismunun í atvinnulífina. Í þeim er einnig að finna ákvæði um vernd persónuupplýsinga, sýnatöku og stuðning við þennan hóp launafólks. Tilmælin hafa verið kynnt Embætti landlæknis og fyrir helstu samtökum á vinnuarkaði.

Á fundi stjórnarnefndar alþjóðavinnuálastofnunarinnar í mars árið 2010 var samþykkt að endurskoða skrá yfir atvinnusjúkdóma í samræmi við tilmæli nr. 194 um það efni. Hún hefur tekið nokkrum breytingum. Ástæða er til að vekja athygli á að heiti endurspeglar betur en áður atvinnusjúkdóminn og orsök hans. Skráin tekur þannig mið af vinnubrögðum heilbrigðisstétta. Einnig hefur verið bætt við nýjum kafla um geðsjúkdóma. Endurskoðaða skráin yfir atvinnusjúkdóma er viðauki II með fylgiskjali IV með þessari skýrslu.

Meðal margra þjóða er hópur sem hefur ekki notið sömu réttinda og verndar af ákvæðum vinnulöggjafar eða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og aðrir

Þjóðfélagsþegnar. Um er að ræða þjónustufólk á heimilum. Þessi hópur starfsfólks hefur hlutfallslega verið fjölmennur í þróunarlöndunum. Með breytingum á gerð, högum og stöðu fjölskyldunnar í iðnríkjunum hefur á ný fjölgað í þessum hópi vinnandi fólks. Þjónustufólk á heimilum hefur lengi mátt sæta því að búa við langan vinnutíma, mikið vinnuálag, lág laun og takmörkuð ef nokkur réttindi til félagslegrar aðstoðar ef í nauðir rekur, t.d. til almannatrygginga eða atvinnuleysisbóta. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ákvað að setja þetta málefni á dagskrá 99. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2010. Eftir síðari umræðu afgreiddi 100. þingið alþjóðasamþykkt og tilmæli þar sem tekið er á öllum helstu þáttum sem snúa almennt að vinnuskilyrðum þjónustu fólks á heimilum en einnig atriðum sem skapa þessari stétt sérstöðu í samanburði við launafólk sem vinnur utan veggja heimilis. Á vettvangi samstarfsnefndar velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur verið fjallað um fullgildingu samþykktarinnar um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum. Umfjöllun nefndarinnar er ekki lokið. Þar af leiðandi er ekki lagt til að samþykktin verði fullgilt að sinni.

Í samræmi við ákvæði í 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru hér með lögð fyrir Alþingi samþykkt og tilmæli sem voru afgreidd á 98., 99. og 100. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldin voru á árunum 2009 – 2011.

## 2. 98. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2009

### 2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

98. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 3.-19. júní 2009. Að þessu sinni tóku þátt í starfi þingsins 4.096 fulltrúar frá 167 af 183 aðildarríkjum.

Khandker Mosharraf Hossain, ráðherra atvinnu-, vinnumarkaðs- innflytjenda- og velferðarmála frá Bangladess, var kosinn forseti þingsins. Varaforsetar voru kosnir Tito Palma Caicedo, aðstoðarvinnumálaráðherra Ekvador, Samir Hassan Allam, fulltrúi atvinnurekenda frá Egyptalandi og Jerald A. Zellhoefer frá Bandaríkjum Norður-Ameríku sem valinn var úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir aðilar:

Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Arnason sendiherra og Ragnar G. Kristjánsson sendiráðunautur. Varmenn voru: Veturliði Þór Stefánsson sendiráðsritari og Eva Bjarnadóttir ritari. Þau voru öll starfsmenn fastnefndar Íslands í Genf. Í sparnaðarskyni sendi félags- og tryggingamálaráðuneytið ekki fulltrúa til þingsins að þessu sinni. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
- II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykta og tilmæla.
- IV. Tilmæli um HIV/AIDS.
- V. Áhrif banka- og fjármálakreppunnar á félags- og vinnumál.
- VI. Kjörbréf.

Samþykkt var að stofna eftirtaldir þingnefndir: Fjárhagsnefnd, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykta og tilmæla, nefnd um tilmæli til aðildarríkjanna um vinnuáðstæður þeirra sem eru smitaðir af HIV/AIDS, nefnd um jafnrétti karla og kvenna í atvinnulífinu, nefnd um áhrif banka- og fjármálakreppunnar á félags- og vinnumál.

Í ljósi banka- og fjármálakreppunnar sem brast á haustið 2008 var ákveðið að gera breytingar á fyrirhugaðri dagskrá Alþjóðavinnumálapingsins. Helsta breytingin fólst í því að stofna til leiðtogafundar um það hvernig aðildarríkin gætu dregið sem mest úr neikvæðum áhrifum kreppunnar á félags- og vinnumál. Stofnað var til pallborðsumræðna með þátttöku þjóðarleiðtoga, oddvita ríkisstjórna og sérfræðinga stofnana og samtaka sem fjalla um efnahags- og félagsmál. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra Íslands, var í hópi þeirra sem boðið var til þingsins. Hún gat ekki þegið boðið vegna fundar forsætisráðherra Norðurlanda sem haldinn var á Íslandi um þetta leyti. Fjöldi þjóðarleiðtoga sótti Alþjóðavinnumálapingið af þessu tilefni. Þeirra á meðal voru forseti Póllands, Lech Kaczynski, forseti Finnlands, Tarja Halonen, forseti Mosambik, Armandio Guebuza, forseti Brasilíu, Luis Inácio Lula da Silva, forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, forseti Argentínu, Christina Fernández de Kirchner, forseti Tógó, Faure Essozimna Gnassingbé, forsætisráðherra Burkína Faso, Tertius Zongo og forsætisráðherra Jamaíku, Bruce Goldring.

## 2.2 KJÖRBRÉFANEFND

Hlutverk kjörbréfanefndar er að ganga úr skugga um að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um skipan sendinefnda sem sendar eru til Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Að lágmarki ber aðildarríki að senda til þingsins tvo fulltrúa ríkisstjórnar, einn fulltrúa atvinnurekenda og einn fulltrúa samtaka launafólks. Skyrt er að hafa samráð við helstu samtök á vinnuþéttum við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni. Þrjú fulltrúar eiga sæti í kjörbréfanefndinni og gegnir fulltrúi ríkisstjórna formennsku. Í nefndina voru kjörnir: James Smyth, fulltrúi ríkisstjórnar Ástralíu, Lidija Horvatić, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Nefndin hefur í nokkur ár óskað eftir skýrslu frá fulltrúum ríkisstjórnar Pálmamottulands (Djúbúti) um aðferð við val á fulltrúa launafólks í sendinefnd landsins á vinnuárástofningu. Skýrslan barst ekki þetta árið frekar en árin á undan. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar mætti þó á fund nefndarinnar og veitti henni munnlega upplýsingar um það hvernig staðið væri að valinu. Nefndin taldi upplýsingarnar ófullnægjandi og ítrekaði fyrri óskir um skriflega skýrslu um málið.

Nefndin fjallaði um hliðstætt mál sem sneri að vali stjórnvalda í Íran á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndina. Þar varð það sama upp á teningnum. Írönsk stjórnvöld urðu ekki við óskum um skriflega skýrslu en sendu fulltrúa sinn á fund nefndarinnar. Hér varð niðurstaðan sú sama og í máli Pálmamottulands. Nefndin ítrekaði fyrri óskir um skriflega skýrslu fyrir næsta Alþjóðavinnuárástofningu.

Náð hefur verið fylgst með vali fulltrúa í sendinefnd Búrma á Alþjóðavinnuárástofningu. Að þessu sinni lá fyrir kjörbréfanefndinni skrifleg skýrsla frá herforingjastjórninni um það hvernig staðið er að vali fulltrúa launafólks í sendinefndina. Þótt valið væri að ýmsu leyti gagnrýnivert var ákveðið að samþykkja kjörbréf sendinefndarinnar. Jafnframt var því beint til herforingjastjórnarinnar að taka saman skýrslu fyrir forstjóra alþjóðavinnuárástofnunarinnar þar sem fram kæmu tillögur um aðferð við val á fulltrúa launafólks í nefndina sem tryggja aðild óháðra stéttarfélaga að því vali.

Kjörbréfanefndin fjallað um samtals 13 kærur. Kærur bárust vegna kjörbréfa fulltrúa aðila vinnuárástofnunarinnar í sendinefndum Bosníu og Hersegovínu, Búrma, Ekvador, Gabon, Gíneu, Íran, Líberíu, Sómalíu, Tsjad og Venesúela,

## 2.3 FJÁRMÁL

Ein nefnd á Alþjóðavinnuárástofningu hefur nokkra sérstöðu. Það er þingnefndin sem fjallar um fjárhags- og starfsáætlun. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna með þeirri undantekningu að síðustu árin hefur fulltrúum aðila vinnuárástofnunarinnar verið boðið að tilnefna sinn áheyrarfulltrúann hvor úr sínum röðum til að fylgjast með starfi hennar. Að þessu sinni voru fulltrúarnir Emmanuel Julien, úr hópi atvinnurekenda, og Shigeru Nakajima, úr hópi launafólks. Nefndin kaus sem formann fulltrúa ríkisstjórnar Belgíu, Alex Van Meeuwen.

Forstjóri alþjóðavinnuárástofnunarinnar í Genf kynnti nefndinni tillögu að fjárhags- og starfsáætlun fyrir árin 2010 – 2011. Samkvæmt tillögunni var gert ráð fyrir að heildarútgjöld Alþjóðavinnuárástofnunarinnar á þessu tveggja ára tímabili yrðu 665 milljónir Bandaríkjadala.

Fram kom í máli áheyrarfulltrúa launafólks að þótt hans umboðendur styddu áætlunina væru þeir óánægðir með það að Alþjóðavinnuárástofnunin ætlaði sér ekki stærri hlut í alþjóðasamfélaginu í ljósi versnandi ástands í félags- og vinnuárástofningu í heiminum. Talsmaður atvinnurekenda var á öðru máli og sagði fjárhags- og starfsáætlunina einhverja þá bestu sem fram hafi komið einkum að því er varðaði uppsetningu og framsetningu. Einnig hafi orðið miklar framfarir við þá aðferð sem beitt er við samningu áætlunarinnar og



skýrleika. Fulltrúar margra ríkisstjórna tóku undir þessi orð. Það tókst því góð samstaða í nefndinni um fjárhags- og starfsáætlunina fyrir árin 2010 og 2011.

## 2.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla er ein af fastanefndum Alþjóðavinnuáætlunarinnar. Hlutverk nefndarinnar er, eins og nafn hennar bendir til, að fjalla um framkvæmd aðildarríkja Alþjóðavinnuáætlunarinnar á samþykktum og tilmælum sem þau hafa fullgilt. Starf nefndarinnar byggir á samantekt og yfirliti sérfræðinganeftar yfir það sem kemur fram í reglulegum skýrslum aðildarríkjanna til stofnunarinnar um það hvernig þau hrinda í framkvæmd ákvæðum í samþykktum og tilmælum ILO. Í flestum tilvikum er um að ræða tvenns konar samantektir. Annars vegar er yfirlit yfir framkvæmd á tilteknum samþykktum eða flokki samþykktar. Hins vegar umfangsmikil samantekt á framkvæmd einstakra ríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum um alþjóðasamþykktir á sviði félags- og vinnuáætlunar. Síðan taka við umræður um yfirlitsskýrslu sérfræðinganna á einstökum samþykktum eða flokki samþykktar. Umfangsmest er umræða um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum.

Á fyrsta fundi þingnefndarinnar var Paixao Pardo, ríkisstjórnarfulltrúi frá Brasilíu kosinn formaður. Varaformenn voru kosnir Edward Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Luc Cortebeek, fulltrúi launafólks í Belgíu. Talsmaður nefndarinnar á allsherjarþinginu var valin Christiaan Hoorn, ríkisstjórnarfulltrúi frá Namibíu. Nefndin hélt 20 fundi um þingtímann. Í nefndinni sátu á milli 250 og 300 manns þegar flest var.

Í almennum umræðum kom fram gagnrýni á val ríkja á skrá sem setur umræðum um framkvæmd þeirra á alþjóðasamþykktum mörk. Verklagið er þannig að fulltrúar atvinnurekenda og launafólks koma sér saman um 25 mál úr hinni umfangsmiklu samantekt sérfræðinganna á framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum. Nefndin lýkur ekki störfum fyrr en umræðum um málin á skránni er lokið. Halda þarf kvöld- og jafnvel næturfundum þannig að það gangi upp fyrir þinglok. Fulltrúar ríkisstjórna hafa gagrýnt að þessi skrá komi það seint fram að þeim gefist ekki kostur á að búa sig með fullnægjandi hætti undir umræðurnar í nefndinni. Að hluta hefur þessari gagnrýni verið mætt með samantekt á bráðabirgðaskrá yfir 40 til 50 mál sem hugsanlega yrðu tekin til umfjöllunar í nefndinni. Síðustu árin hefur þessi bráðabirgðaskrá verið send aðildarríkjunum þremur til fjórum vikum fyrir þingsetningu. Einnig var gagnrýnt að fundir byrjuðu ekki á boðuðum fundartíma. Hér er ekki við starfsmenn eða stjórnendur nefndarinnar að sakast. Oft er orsakanna að leita í samráðsfundum fulltrúa aðila vinnuáætlunarinnar sem þurfa að stilla strengi áður málefni einstakra ríkja eru tekin til umfjöllunar í nefndinni. Samráðsfundirnir dragast oft á langinn sem veldur því að þingnefndin getur ekki hafið störf á réttum tíma.

Yfirlitsskýrsla sérfræðinganna um framkvæmt samþykktar eða flokk samþykktar fjallaði um samþykktir á sviði vinnuverndarmála, þó fyrst og fremst samþykkt nr. 155 og tilmæli nr. 164 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá árinu 1981. Alþjóðavinnuáætlunin afgreiddi bókun við samþykktina árið 2002. Markmið bókunarinnar er að bæta reglur um skráningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma. Í skýrslunni kemur fram að 53 ríki hafi fullgilt samþykktina en einungis fimm hafa fullgilt bókunina. Ísland hefur ekki fullgilt bókunina en samþykktin var fullgilt árið 1991.

Umræður um mál einstakra ríkja eru umfangsmestar í þingnefndinni. Ekki er unnt að gera þeim ítarlega skil. Látið verður nægja að tilgreina nokkur dæmi.

Framkvæmd Hvíta-Rússlands á samþykkt nr. 87, um félagsfrelsi, er reglulega á dagskrá þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Málið snýst um rétt atvinnurekenda og launafólks til að bindast samtökum án afskipta stjórnvalda eða fyrirfram gefinnar heimildar

af þeirra hálfu. Árið 2002 sendi Alþjóðavinnuálastofnunin rannsóknarnefnd til Hvíta-Rússlands til að kanna aðstæður. Nefndin samþykkti tilmæli til stjórnvalda um umbætur á framkvæmd samþykktarinnar. Reglulega hefur verið fylgst með viðbrögðum við tilmælunum á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Í umræðum kom fram að stjórnvöld hafa breytt um stefnu og bætt framkvæmdina. Þessu var fagnað af þingfulltrúum. Enn vantar þó nokkuð upp á að öllum ákvæðum samþykktarinnar sé fylgt. Þetta gildir t.d. um rétt til að grípa til aðgerða til að fylgja eftir kröfum um laun og vinnuskilyrði.

Fulltrúi ítölsku ríkisstjórnarinnar svaraði fyrir framkvæmd stjórnvalda þar í landi á framkvæmd samþykktar nr. 143, um ósæmandi aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnuöguleika og aðbúnaðar. Þetta mál varðar mismunun sem verkafólk af erlendum uppruna sætir, einkum fólk sem kemur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og þá sérstaklega Rómafólk. Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að fulltrúi ítölsku ríkisstjórnarinnar hafi á fundi hennar gefið ítarlega skýrslu um aðgerðir sem gripið hafi verið til í því skyni að hamla gegn kynþáttafjandskap og mismunun innflytenda. Nefndin tekur fram að málefni innflytenda séu oft á tíðum flókið viðfangsefni sem fjölmörg ríki eru að takast á við. Banka- og fjármálakreppan hafi skapað ný vandamál og aukið spennuna á milli einstakra hópa. Nefndin beinir því til ítölsku ríkisstjórnarinnar að hún efli enn frekar aðgerðir sem miði að gagnkvæmri virðingu og tillitsemi í þjóðfélaginu.

Aðstæður í Svasílandi hafa oft gefið tilefni til umræðna á Alþjóðavinnuálaðinginu. Stjórnvöld þar í landi hafa um árabil verið gagnrýnd fyrir viðvarandi brot á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Setning laga, sem eru skýlaust brot á ákvæðum samþykktarinnar, hefur verið harðlega gagnrýnd af sérfræðinganefnd Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Lög hafa verið sett sem takmarka réttinn til að stofna félög, rétt samtaka launafólks til að velja sér fulltrúa og trúnaðarmenn, rétt til að skipuleggja starfssemi og setja sér starfsáætlanir. Einnig hefur misneyting, ofbeldi sem og ýmiss konar kúgun, sem forystumenn launafólks hafa orðið fyrir af hálfu stjórnvalda, verið kærð til alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Þingnefndin lýsti yfir þungum áhyggjum yfir röð ofbeldisverka sem öryggislögregla landsins hefur borið ábyrgð á, þ. m. t. frelsisvipting launafólks og bann við verkföllum. Nefndin lagði áherslu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar á því að tryggja að samtök aðila vinnuarkaðarins geti starfað í umhverfi sem sé laust við valdbeitingu, kúgun og ótta.

Búrma hefur undanfarna tvo áratugi verið í hópi þeirra aðildarríkja Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem hafa verið undir sérstöku eftirliti vegna viðvarandi brota á samþykktum nr. 29 og 105, um afnám nauðungarvinnu. Að þessu sinni var fjallað um framkvæmd þess á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Gagnrýni sérfræðinganna beinist að því að herforingjastjórnin í landinu tryggi setningu laga sem veiti atvinnurekendum og launafólki rétt til að bindast samtökum um sameiginlega hagsmuni. Einnig kemur fram hvöss gagnrýni á fangelsanir og brot á öllum helstu mannréttindum. Þingnefndin samþykkti óvenju harðorða ályktun þar sem skorað er á stjórnvöld í Búrma að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða og koma á skipan sem tryggi bæði atvinnurekendum og launafólki þann rétt sem felst í samþykkt nr. 87. Ríkisstjórnin er einnig hvött til þess að fella þegar í stað úr gildi lög og reglur sem eru í andstöðu við samþykktina. Nefndin lét einnig í ljós áhyggjur yfir aðstæðum fjölda fólks sem situr í fangelsum, án dóms og laga, fyrir baráttu fyrir mannréttindum í landinu. Skýrslu þingnefndarinnar má nálgast á heimasíðu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar: [http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_108378.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_108378.pdf)

## 2.5 HIV, ALNÆMI OG VINNUMARKAÐURINN

Á 98. Alþjóðavinnuálaðinginu átti sér stað fyrri umræða um tillögu að tilmælum um réttindi og skyldur starfsmanna sem sýktir eru af HIV og alnæmi. Markmiðið er að samræma

aðgerðir bæði á alþjóðavísu og landsvísu gegn þessum vágesti sem enn hefur ekki tekist að finna lækningu við. Þótt tekist hafi á Vesturlöndum að takmarka útbreiðslu sjúkdómsins gegnir öðru máli með önnur ríki, einkum í suður hluta Afríku. Þar er hægt að tala um faraldur sem hefur í mörgum tilvikum mikil og skaðleg áhrif á aldursamsetningu þjóða. Ungt fólk, sem ber uppi framfarir, hefur orðið illa úti. Þetta hefur síðan áhrif á getu þjóða til umbóta í efnahags- og félagsmálum. Í þeim drögum að tilmælum sem lögð voru fyrir þingið er lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og ábendingar sem komi í veg fyrir mismunun. Einnig er hvatt til uppbyggingar kerfis þar sem veittur verði almennur aðgangur að aðstoð, upplýsingum og meðferð.

Samþykkt var stofnun þingnefndar sem fjallaði um tillöguna að tilmælum um HIV og alnæmi. Formaður nefndarinnar var kosinn Thembi Nene-Shezi, fulltrúi ríkisstjórnar Suður-Afríku. Varformenn voru kosnir Patrick Obath, fulltrúi atvinnurekenda í Keníu, og Jan Sithole, fulltrúi launafólks í Svasílandi. Shanmattee Singh, fulltrúi ríkisstjórnar Trinidad og Tobago, og Ramin Hassan, fulltrúi ríkisstjórnar Stóra-Bretlands, fluttu allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Í henni sátu að jafnaði 148 fulltrúar, þar af voru 79 fulltrúar ríkisstjórna, 27 fulltrúar atvinnurekenda og 42 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt samtals 22 fundi um þingtímann.

Í almennum umræðum í þingnefndinni varð ræðumönnum tíðrætt um neikvæð áhrif HIV/alnæmis á þá sem bera sjúkdóminn sem og fjölskyldur þeirra, atvinnulífið og samfélagið allt. Lögð var rík áhersla á nauðsyn þess að þingið afgreiddi tilmæli þar sem mælt yrði með eflum aðgerðum á öllum sviðum. Að loknum almennum umræðum var tillaga að tilmælum tekin til umfjöllunar. Tillagan var samin af starfsmönnum alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Hún byggði á svörum aðildarríkjanna við spurningaskrá sem skrifstofan hafði sent til að undirbúa umræður á þinginu. Einnig var höfð hliðsjón af leiðbeiningarreglum um þetta efni sem Alþjóðavinnuáskrifstofnunin afgreiddi árið 2001.

Í umræðum í nefndinni lögðu fulltrúar launafólks til að í stað þess að þingið afgreiddi tilmæli um HIV/alnæmi yrði stefnt að samþykkt sem felur í sér ríkari skuldbindingar fyrir aðildarríkin. Þessi tillaga hlaut ekki stuðning fulltrúa atvinnurekenda. Nokkrir talsmenn ríkisstjórna, þar á meðal fulltrúi Tékklands, sem hafði orð fyrir aðildarríkjum Evrópusambandsins, voru á sama máli. Tillaga fulltrúa launafólks náði því ekki fram að ganga. Starf nefndarinnar var því miðað við að fara yfir fyrirbyggjandi tillögu að tilmælum grein fyrir grein. Þótt unnið væri ötullega að verkefninu lenti nefndin í tímanauð. Af því leiddi að einungis reyndist unnt að fara í fljótheitum yfir síðustu greinarnar. Ítarlegri umræða bíður því seinni umræðu á næsta Alþjóðavinnuáskrifþingi.

## **2.6 ÁÆTLUNIN UM MANNSÆMANDI VINNUSKILYRÐI OG JAFNRÉTTI KYNJANNA**

Fyrir um það bil tveimur áratugum voru jafnréttismál á dagskrá Alþjóðavinnuáskrifþingsins. Stjórnarnefndinni þótti því tímabært að setja málið á dagskrá að nýju og tengja það við áætlun forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar um mannsæmandi vinnuskilyrði. Ákveðið var að fjalla um málið í þingnefnd. Formaður nefndarinnar var valinn Arthur Fredrik, fulltrúi ríkisstjórnar Noregs. Varaformenn voru Maria Fernanda Garza, fulltrúi atvinnurekenda í Mexíkó og Barbara Byers, fulltrúi launafólks í Kanada. Myra Hanartani, fulltrúi ríkisstjórnar Indónesíu, flutti allsherjarþinginu, skýrslu nefndarinnar.

Nefndinni var falið að fjalla um eftirfarandi:

- ræða um og taka saman yfirlit yfir stuðning Alþjóðavinnuáskrifstofunnar við aðildarríkin á sviði jafnréttismála,
- hyggja að framkvæmd tiltekinna samþykpta og tilmæla stofnunarinnar sem fjalla um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu og

- vera vettvangur fyrir umræður um framtíðarstefnu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar að því er varðar jafnrétti kynjanna.

Nefndin hélt samtals sex fundi um þingtímann. Alþjóðavinnuárástofnan hafði að auki samið sex spurningar sem voru hugsaðar sem innlegg í umræðurnar í þingnefndinni. Fyrstu tvær spurningarnar sneru að áhrifum hnattvæðingarinnar og efnahags- og fjármálakreppunnar á stöðu kynjanna í atvinnulífinu, einkum á konur. Þriðja spurningin laut að því hvort ýmsar skilgreiningar og orðskýringar torvelduðu konum aðgang að vinnuþætti. Í því sambandi var bent á skilgreiningu á beinni og óbeinni mismunun, ófullnægjandi tækifærum til menntunar og þjálfunar, óformleg eða óhefðbundin ráðningarform auk takmarkaðra áhrifa á töku ákvarðana. Því var beint til þátttakenda að ræða með hvaða hætti áætlunin um mannsæmandi vinnuskilyrði geti orðið að liði við að koma á jafnrétti, ekki einungis í orði heldur í raun. Loks var lagt fyrir nefndina að ræða hvernig yfirlýsingin um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu frá árinu 2008 geti verið leiðbeinandi fyrir aðstoð Alþjóðavinnuárástofnunarinnar við ríkisstjórnir og samtök aðila vinnuþættisins við að koma á jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu.

Eftir almennar umræður var samþykkt að skipa vinnuhóp til að fara yfir tillögur og ábendingar og semja drög að niðurstöðum nefndarinnar, sem síðan voru lagðar fram í nefndinni. Eftir nokkrar umræður og minniháttar breytingar voru drögin að niðurstöðum nefndarinnar samþykkt og lögð fyrir allsherjarþingið til afgreiðslu. Slóðin að skýrslu nefndarinnar og niðurstöðum er: [http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_108259.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_108259.pdf)

## **2.7 AFLEIÐINGAR BANKA- OG FJÁRMÁLAKREPPUNNAR ÁFÉLAGS- OG VINNUMÁL**

Í ljósi banka- og fjármálakreppunnar sem hófst haustið 2008 ákvað stjórnarnefnd alþjóðavinnuárástofnunarinnar á 304. fundi sínum í mars 2009 að gera breytingar á dagskrá 98. Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Markmiðið var að skapa vettvang á þinginu fyrir umræður um umfang kreppunnar og þau áhrif sem hún kynni að hafa á framvindu félags- og vinnuárástofnunarinnar í heiminum. Forstjóri alþjóðavinnuárástofnunarinnar hafði þegar ákveðið að skýrsla sín til Alþjóðavinnuárástofnunarinnar myndi fjalla um eftirfarandi efni: Viðbrögð við auknu atvinnuleysi í heiminum og mótun stefnu til að skapa mannsæmandi vinnuskilyrði. Skýrslan væri því kjörin til að vera umræðugrundvöllur fyrir skoðanaskipti um viðbrögð við kreppunni. Niðurstaða fundar stjórnarnefndarinnar var að leggja til að kreppan og atvinnu- og félagsmálin yrðu sett á dagskrá þingsins. Á vinnuárástofninginu var samþykkt stofnun þingnefndar um þetta málefni. Formaður hennar var kosinn Zdzislaw Rapacki, fulltrúi ríkisstjórnar Póllands. Varaformenn voru Daniel Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Roy Trotman, fulltrúi launafólks á Barbados. Iris Dembsher, fulltrúi ríkisstjórnar Austurríkis, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 18 fundi. Á níunda fundi hennar var ákveðið að setja undirnefnd í að semja drög að niðurstöðum. Magnús Norðdahl var kjörinn einn af 8 fulltrúum launafólks í þá nefnd en auk þess var hún skipuð 8 fulltrúum atvinnurekenda og 16 fulltrúum ríkisstjórnanna.

Viðfangsefni nefndarinnar var að ræða hvernig nýta megi stefnumótun í félags- og vinnuárástofningum til að takast á við afleiðingar fjármálakreppunnar. Nefndin nálgast þetta viðfangsefni í þremur áföngum. Sá fyrsti var helgaður umræðum um 10 málefni sem öll tengdust viðbrögðum við efnahags- og fjármálakreppum og aðferðum til viðreisnar efnahagslífi. Hún fékk til liðs við sig fjölda sérfræðinga sem gerði umræðuna fræðilega og málefnalega. Þar næst tók við almenn umræða þar sem skipst var á skoðunum um það sem fram hafði komið. Undirnefndin vann úr þessu efni. Niðurstaðan var tillaga að fyrirmynd að

sáttmála ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins um sameiginlegar aðgerðir til að bregðast við áhrifum fjármálakreppunnar á félags- og vinnumál. Tillagan hlaut brautargengi allsherjarþings vinnumálaþingsins sem afgreiddi hana með góðum stuðningi þingfulltrúa. Slóðin að fyrirmyndinni að sáttmálanum er: [http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_115076.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_115076.pdf)

### 3. 99. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2010

#### 3.1 Skipulag og þátttaka

99. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 2.-18. júní 2010. Að þessu sinnu tóku þátt í starfi þingsins 5.934 fulltrúar frá 164 af 183 aðildarríkjum.

Gilles de Robin, sendiherra félagslegrar samstöðu frá Frakklandi, var kosinn forseti þingsins. Varaforsetar voru kosnir Robert Nkili, ríkisstjórnarfulltrúi frá Kammerún, Norma Powell, fulltrúi atvinnurekenda frá Haiti, og Shigeru Nakajima frá Japan úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir aðilar:

Frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri. Í sparnaðarskyni tók hann einungis þátt í þinginu fyrstu viku þinghaldsins.

Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Árnason sendiherra. Varmenn voru: Ragnar G. Kristjánsson sendiráðunautur og Veturliði Þór Stefánsson sendiráðsritari og Eva Bjarnadóttir ritari. Þau voru öll starfsmenn fastnefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar
- II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla.
- IV. Vinnuaðstæður þjónustufólks á heimilum.
- V. Aðgerðir til hagsbóta fyrir starfsmenn sem smitaðir eru af HIV/alnæmi.
- VI. Almenn umræða um stefnu í vinnumálum.
- VII. Mat á framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífnum.

Samþykkt var að stofna eftirtaldir þingnefndir: Kjörbréfanefnd, fjárhagsnefnd, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla, nefnd um tilmæli til aðildarríkjanna um vinnuaðstæður þeirra sem eru smitaðir af HIV/alnæmi, nefnd um vinnuaðstæður þjónustufólks á heimilum, nefnd um stefnumótun í vinnumálum og nefnd til að fjalla um framkvæmd yfirlýsingar frá árinu 1998, um grundvallarréttindi í atvinnulífnum.

#### 3.2 KJÖRBRÉFANEFND

Vísað er til þess sem segir um hlutverk kjörbréfanefndar í kafla 2.2 hér að framan. Greg Vines, ríkisstjórnarfulltrúi frá Ástralíu, var endurkjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kjörnir Lidija Horvac, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi.

Eins og undanfarin ár komu málefni Pálmamottulands (Djíbúti) til umfjöllunar í nefndinni. Hún hefur í nokkur ár farið þess á leit að ríkisstjórnin upplýsi með skriflegri skýrslu með hvaða hætti staðið er að vali fulltrúa launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta hefur af einhverjum ástæðum vafist fyrir ríkisstjórninni sem sendi fulltrúa sinn á fund nefndarinnar til að gera munnlega grein fyrir þeim reglum sem

gilda um valið. Nefndin taldi þetta ekki fullnægjandi og endurtók óskir sínar um að ríkisstjórnin geri skriflega grein fyrir valinu sem fyrst og í síðasta lagi fyrir næsta Alþjóðavinnuálagi.

Kjörbrefanefndin hafði lagt fyrir ríkisstjórn Írans að gera skriflega grein fyrir reglum sem gilda um val á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd landsins á síðasta vinnuálagi. Ríkisstjórnin varð við þessari ósk og sá nefndin ekki ástæðu til frekari aðgerða.

Nefndin hafði undanfarin ár fylgst náið með framvindu mála í Búrma (Myanmar) að því er varðar val á fulltrúum samtaka aðila vinnuálagarins í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnuálagi. Ríkisstjórnin sendi nefndinni skriflega skýrslu sem hún kynnti sér. Í framhaldi af því var ákveðið að fulltrúar í sendinefndinni hefðu áfram stöðu áheyrnarfulltrúa með málfrelsi en án atkvæðisréttar.

Samtals fjallaði nefndin um 14 kærur. Fram komu kærur vegna skipunar fulltrúa samtaka aðila vinnuálagarins eða vegna þess að sendinefndir væru án þeirra. Þau lönd sem hér um ræðir voru Bosnía-Hersegóvína, Búrma, El Salvador, Gabon Gvatemala, Íran, Írak, Pálmottuland, Rúmenía, Sri Lanka, Trinidad og Tobago og Venesúela.

### 3.3 FJÁRMÁL

Crister Eriksson, fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar, var kosinn formaður fjárhagsnefndar en aðgangur að þeirri nefnd er bundinn við ríkisstjórnarfulltrúa. Á þeirri reglu eru tvær undantekningar. Atvinnurekendum og launafólki er boðið að tilefna hvort sinn fulltrúann til að fylgjast með og taka þátt í almennum umræðum í nefndinni. Atvinnurekendur tilnefndu Emmanuel Julien og launafólk Roy Trotman til að taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins.

Fram kom beiðni til nefndarinnar frá Úkraínu um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu þrátt fyrir greiðslufall á árgjaldi að upphæð 3,2 milljónir svissneskra franka til Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar. Fram kom að ríkið átti í miklum fjárhagsörðugleikum. Því var lýst yfir að stefnt væri að uppgjöri á skuldinni á árinu 2012. Fjárhagsnefndin mælti með því að ríkið héldi atkvæðisrétti á þinginu.

98. Alþjóðavinnuálagið árið 2009 samþykkti starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára. Þar af leiðandi var það málefni ekki á dagskrá nefndarinnar að þessu sinni. Nefndin samþykkti að leggja helminginn af afslætti sem að öllu jöfnu hefði á átt að greiða skilvísnum aðildarríkjum í sjóð til viðhalds byggingu Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar í Genf. Um var að ræða tæpar 15 milljónir svissneskra franka. Þetta var bundið því skilyrði að starfsmenn skrifstofu stofnunarinnar setji fram langtíma áætlun um fjármögnun á viðhaldi og endunýjun húss stofnunarinnar í Genf sem verði samþykkt af stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagastofnunarinnar.

### 3.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla endurkausa Sérgio Paixao Pardo, fulltrúa ríkisstjórnar Brasilíu, formann nefndarinnar og sem varaformenn Edward E. Potter, fulltrúa atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Luc Cortebeek, fulltrúa launafólks í Belgíu. Christian Horn, fulltrúi ríkisstjórnar Namíbú, var valinn til að flytja allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 17 fundi um þingtímann.

Hér að framan í kafla 2.4 hefur verið lýst verklagi nefndarinnar. Umræður byggja á skýrslu nefndar 20 sérfræðinga í félags- og vinnuálagalöggjöf. Hlutverk sérfræðinganeftandinnar er að fara yfir skýrslur sem aðildarríkin gefa um framkvæmd á samþykktum Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar sem þau hafa fullgilt. Nefndin leggur mat á það hvort framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði samþykktanna. Niðurstaðan er birt í framangreindri

skýrslu. Einnig lá fyrir nefndinni yfirlitsskýrsla um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem snerta stefnu í atvinnumálum og fjölgun starfa.

Nefndarstarfið hefst með almennum umræðum um setningu samþykta á sviði félags- og vinnumála. Einnig er fjallað um starfshætti nefndarinnar. Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar ríður á vaðið með yfirlitsræðu um starfsemi Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar varðandi þessa afmörkuðu þætti. Fulltrúinn gerði að umtalsefni undirbúning að afgreiðslu samþykktar og tilmæla um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum. Einnig tillögu að tilmælum um réttindi og skyldur þeirra sem eru smitaðir af HIV/alnæmi. Fram komu nokkrar áhyggjur af dræmari skilum aðildarríkjanna á skýrslum um framkvæmd alþjóðasamþykta. Hlutfallið hafði fallið úr 70,2 í 67,8 hundradshluta á milli ára. Einnig kom fram að samtök aðila vinnumarkaðarins höfðu í meira mæli nýtt sér rétt til að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmdina.

Talsmaður atvinnurekenda lýsti eftir greiðari samskiptum á milli þeirra nefnda Alþjóða- vinnu- málaskrifstofunnar sem fjalla um framkvæmd alþjóðasamþykta. Fyrst og fremst er um að ræða þingnefndina um framkvæmd alþjóðasamþykta og nefnd sérfræðinganna. Einnig nefnd á vegum stjórnarnefndarinnar sem er að fara yfir samþykktir Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar með það að markmiði að leggja á það mat hvort samþykkt sé úrelt eða þarfnið endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna.

Talsmaður fulltrúa launafólks lagði áherslu á nauðsyn þess að varðveita og styrkja tengslin á milli þingnefndarinnar og sérfræðinganefndarinnar. Samvinna þessara tveggja nefnda skapi eftirlitskerfi Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar sérstöðu. Hann lýsti yfir ánægju með þá áherslu sem sérfræðinganefndin legði í skýrslu sinni á félagafrelsi og kaupgreiðslur.

Fulltrúi ríkisstjórnar Austurríkis hafði orð fyrir vestrænum iðnríkjum. Í máli hans kom fram hrós í garð sérfræðinganefndarinnar fyrir góða vinnu og sífellt betri og aðgengilegri skýrslur. Lögð var áhersla á samskipti á milli sérfræðiráðgjafar starfsmanna alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar og eftirlitskerfis þingnefndarinnar og sérfræðinganefndar um framkvæmd alþjóðasamþykta.

Yfirlitsskýrsla sérfræðinganefndarinnar fjallaði að þessu sinni um framkvæmd sam- þykta nr. 122, um stefnu í vinnumálum, nr. 142, um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafis, nr. 88, um skipulagningu vinnumiðlunar, nr. 181, um einkareknar vinnu- miðlunarskrifstofur, auk tilmæla nr. 195, um þróun mannaúts; menntun, þjálfun og símenntun, og nr. 189, um almennar aðstæður til að fjölga störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Ísland hefur fullgilt samþykkt nr. 122. Samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði hefur haft til umfjöllunar hvort aðstæður leyfi fullgildingu samþykta nr. 88 og 181. Ástæðu þess að yfirlitsskýrslan fjallaði að þessu sinni um þennan flokk samþykta er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á aðgerðir á fjórum málefna sviðum. Vinnumál er eitt af þessum fjórum sviðum. Í ljósi banka- og fjármálakreppunnar var sá málaflokkur ofarlega á baugi og tímabært að gefa honum gott rými á dagskrá Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar.

Stærsti hluti starfs þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykta fer í umræður um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Yfir þingtímann fjallar nefndin um framkvæmd 25 ríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Í kafla 2.3 er gerð grein fyrir því hvernig ríkjahópurinn verður til. Einungis er færi á því að geta hér um málefni nokkra ríkja sem komu til umfjöllunar í nefndinni.

Sú óvenjulega staða hefur verið uppi að nefndin hafði undanfarin 12 ár fjallað um framkvæmd herforingjastjórnarinnar í Búrma (Myanmar) á samþykktum sem fjalla um afnám nauðungarvinnu, sem og um félaga- og samningafrelsi. Herforingjastjórnin var sökuð um að hafa að engu tilmæli sérstakrar rannsóknarnefndar Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar.

unarinnar frá árinu 1997 um að laga löggjöf landsins að samþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu, þ.e. að koma í veg fyrir að stjórnvöld þvingi fólk til vinnu og að sett verði í lög refsíákvæði vegna brota á banni við nauðungar- eða skylduvinnu. Sendiherra Búrma gagnvart alþjóðastofnunum í Genf sagði ríkisstjórn sína vinna af heilindum að framkvæmd tilmællanna frá árinu 1997. Framlenging á gildistíma þeirra um þrjú ár væri sönnun þess að árangur hafi náðst. Slæmt efnahagsástand hafi torveldað afnám nauðungarvinnu í landinu. Einungis hafi komið fram 196 kærur um nauðungarvinnu á síðastliðnum þremur árum. Hér væri um léttvægt vandamál að ræða í samanburði við íbúafjölda Búrma sem væri 58 milljónir manna.

Í niðurstöðum nefndarinnar var lögð áhersla á ófullnægjandi aðgerðir ríkisstjórnar Búrma. Nefndin hvatti ríkisstjórnina til að hrinda þegar í stað í framkvæmd 10 nánar tilteknum aðgerðum í samræmi við samþykkt nr. 29. Hún skoraði einnig á ríkisstjórnina að láta þegar lausa úr fangelsi forystumenn launafólks og pólitíska samviskufanga eins og Daw Aung San Suu Kyi.

Framkvæmd ríkisstjórnar Búrundi á samþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, kom til umfjöllunar. Þau atriði sem eru gagnrýnd snúa að aðgerðum til að koma í veg fyrir sölu barna í kynlífsþrælkun og nauðungarskráningu í vopnuð hernaðaráttök. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar lýsti yfir að síðarnefnda atriðið sé ekki lengur raunhæft. Hætt hafi verið að skrá börn til herþjónustu með nýrri ríkisstjórn. Unnið væri að framkvæmd áætlunar um endurhæfingu barna sem hafi verið neydd til þátttöku í hernaðaráttökum. Þingnefndin samþykkti að beina því til ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að þeir sem báru ábyrgð á nauðungarskráningunni verði látnir svara til saka og sæta tilhlýðilegri refsingu. Að því er varðar seinna atriðið lét nefndin í ljós alvarlega áhyggjur yfir sölu barna undir 18 ára aldri til kynlífsþrælkunar þrátt fyrir skýr lagaákvæði sem bönnuðu slíkt athæfi. Nefndin hvatti ríkisstjórnina til að grípa til aðgerða sem tryggji að þeim sem verða uppvísir að brotum af þessu tagi séu lögsóttir og hengt í samræmi við lagaákvæði. Einnig að þolendum verði boðið upp á endurhæfingu.

Stjórnvöld í Kanada hafa sætt gagnrýni sérfræðinganefnarinnar fyrir framkvæmd á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Málið snýst um takmörkun á rétti tiltekinna stétta í heilbrigðis- og mennakerfinu til að stofna stéttarfélög í nokkrum fylkjum Kanada. Fulltrúi ríkisstjórnar Kanada gaf til kynna að gagnrýni sérfræðinganefnarinnar væri reist á veikum grunni. Reglur sem gildi um stofnun stéttarféлага hafi ekki valdið vandamálum. Sambandsríkisstjórnin hafi í samvinnu við alþjóðavinnuáskrifstofuna stofnað til viðræðna á milli fylkisstjórnanna og samtaka aðila vinnumarkaðarins um málið. Þingnefndin samþykkti að vekja athygli á því að viss ákvæði í löggjöf tiltekinna fylkja væru ekki í samræmi við samþykkt nr. 87. Þetta eigi t.d. við um ákvæði um rétt launafólks til að stofna stéttarfélög. Nefndin lét í ljósi von um að úr ágöllum yrði bætt í nánustu framtíð.

Slóðin að skýrslu þingnefnar um framkvæmd samþykktar og tilmæla er:

[http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_141871.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_141871.pdf)

### 3.5 HIV, ALNÆMI OG VINNUMARKAÐURINN

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um tillögu að tilmælum um vinnuumhverfi einstaklinga sem eru smitaðir af HIV og alnæmi. Markmiðið er að styrkja félagslegt réttlæti og vinna gegn því að þeir starfsmenn sem smitaðir eru af HIV og alnæmi séu settir til hliðar og þeim mismunað.

Þingnefndin, sem fjallaði um þetta málefni, endurkaus Thembi Nene-Shezi, fulltrúa ríkisstjórnar Suður-Afríku, formann nefndarinnar. Varformenn voru einnig endurkosnir. Þeir voru Patrick Obath, fulltrúi atvinnurekenda í Keníu, og Jan Sithole, fulltrúi launafólks í



Svasílandi. Prudence Mooney, fulltrúi ríkisstjórnar Ástralíu, og Kouame Brou Yves Yeboué, fulltrúi ríkisstjórnar Fílabeinsstrandarinnar, fluttu allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Í henni sátu að jafnaði 150 fulltrúar, þar af voru 73 fulltrúar ríkisstjórna, 27 fulltrúar atvinnurekenda og 50 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt samtals 19 fundi um þingtímann.

Í almennum umræðum í nefndinni komu fram miklar áhyggjur af afleiðingum sjúkdómsins sem er orðinn að faraldri í mörgum ríkjum í suðurhluta Afríku. Fram kom viðtækur stuðningur við fyrirliggjandi drög að tilmælum.

Talsmaður atvinnurekenda lagði áherslu á að tilmælin væru einungis hluti af viðbrögðum við HIV og alnæmi. Mikilvægt væri að finna jafnvægi á milli þess sem unnt væri að gera á vinnustaðnum og aðgerða á vegum hins opinbera og heilsugæslunnar. Hafa yrði í huga að tilmælin megi ekki ofgera fyrirtækjum með því að leggja á þau fjárhagsbyrðar sem þau rísa ekki undir.

Skýrt kom fram að fulltrúar launafólks hefðu kosið að Alþjóðavinnuálagningið afgreiddi alþjóðasamþykkt um þetta málefni. Það hefði leitt til ríkari skuldbindingar af hálfu stjórnvalda. Þar sem ekki hefði náðst samstaða um það legðu þeir áherslu á skorinorð tilmæli þar sem kveðið væri á um skyldur um reglubundið eftirlit með framkvæmd og skýrslugjöf þannig að færi gæfist á að fylgjast náið með framvindu mála. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á að tilmælin ættu að taka til allra, að vernda ætti persónuupplýsingar og virða friðhelgi einkalífsins, stuðla að sýnatöku af frjálsum og fúsum vilja, að fólk smitað af HIV og alnæmi fái viðeigandi aðstoð og treysta stöðu þessa fólks sem stendur höllum fæti í samfélaginu. Enn fremur að taka ætti upp í tilmælin helstu atriðin í áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði.

Fulltrúi ríkisstjórnar Spánar flutti ræðu í nafni Evrópusambandsins og nokkurra vestrænna iðnríkja. Í ræðunni var lýst yfir eindregnum stuðningi við fyrirliggjandi tillögu að tilmælum. Flestir aðrir talsmenn ríkisstjórna tóku í sama streng. Í þessum hópi voru fulltrúar ríkja þar sem HIV og alnæmi hafa haft alvarleg áhrif á aldursamsetninguna með ófyrirsjálegum afleiðingum fyrir samfélagsþróunina á næstu árum og áratugum.

Tillagan að tilmælum var samþykkt einróma á Alþjóðavinnuálagningu. Í samræmi við ákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru tilmælin birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu til Alþingis.

### **3.6 VINNUSKILYRÐI ÞJÓNUSTUFÓLKS Á HEIMILUM**

Samfélagsgerðin í vestrænum iðnríkjum hefur tekið miklum breytingum á síðstu einni til tveimur öldum. Við lok nítjándu aldar var sá hópur nokkuð stór sem gegndi þjónustustörfum á heimilum. Á fyrri hluta 20. aldarinnar fækkaði mjög þeim sem gengdu launavinnu inni á heimilum. Með aukinni atvinnuþátttöku kvenna snerist þessi þróun við á seinni hluta aldarinnar. Eftirspurn eftir húshjálpi jókst. Í þróunarlöndum er og hefur þessi starfsstétt verið hlutfallslega fjölmenn. Oftast hefur hún mátt sæta því að búa við langan vinnutíma, mikið vinnuálag og vera illa launuð. Þar til viðbótar hefur hún í mörgum tilvikum hvorki notið ákvæða vinnuverndarlaga né félagslegra réttinda til jafns við annað launafólk. Samstaða tókst í stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagningar um að setja þetta málefni á dagskrá 99. Alþjóðavinnuálagningarsins með það að markmiði að búa þjónustufólki á heimilum hliðstætt vinnuumhverfi og öðru launafólki. Á þinginu fór fram fyrri umræða um drög að samþykkt og tilmælum um þetta málefni.

Þingnefndin, sem fjallaði um málið, kaus Lourdes Trasmonte, fulltrúa ríkisstjórnar Filippseyja, sem formann. Varaformenn voru kosnir Kamran Tanvirur Rahman, fulltrúi atvinnurekenda í Bangladess, og Halimah Yacob, fulltrúi launafólks í Singapúr. Petra Herzfeld Olsson, fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Í henni áttu sæti 181 fulltrúi, þar af voru 85 fulltrúar ríkisstjórna, 32 fulltrúar atvinnurekenda og 64 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt 21 fund um þingtímann.

Umræður í nefndinni byggðust á skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman um ákvæði í lögum, reglugerðum og kjarasamningum sem mótuðu vinnuumhverfi þjónustufólks á heimilum. Í skýrslunni er gerð tillaga að samþykkt og tilmælum um þetta málefni. Við upphaf nefndarstarfsins kröfðust fulltrúar atvinnurekenda atkvæðagreiðslu um það hvort stefna ætti að afgreiðslu samþykktar og tilmæla eða einungis tilmæla. Við atkvæðagreiðsluna lögðust fulltrúar nokkurra ríkisstjórna á sveif með atvinnurekendum og greiddu atkvæði gegn afgreiðslu samþykktar og tillögu. Niðurstaðan varð engu að síður sú að rúmur meirihluti nefndarmanna ákvað að taka stefnuna á gerð samþykktar og tilmæla um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum.

Afmörkun þess hóps sem telja má þjónustufólk á heimilum olli miklum umræðum og deilum í nefndinni. Þær voru settar niður með stofnun vinnuhóps sem var falið það verkefni að semja tillögu að orðskýringu sem fól í sér afmörkun á gildissviði væntanlegrar samþykktar. Vinnuhópurinn lagði til að gildissvið samþykktarinnar yrði nokkuð rúmt en jafnframt settar skorður við undanþágum. Eftir samþykkt tillögu vinnuhópsins gekk starf nefndarinnar nokkuð greiðlega. Hún fjallaði um nokkur grundvallaratriði eins og lágmarksaldur til ráðningar, kröfu um efni og form ráðningarsamnings, vernd gegn misbeitingu og misneytingu, vinnutíma, laun, vinnuumhverfi og almannatryggingar. Samstaða var um að geta þurfi sérstaklega um að ekki sé gengið á réttindi farandþjónustufólks sem oft standi höllum fæti í framandi umhverfi.

Þrátt fyrir langa og stranga fundi, sem oft stóðu frameftir kvöldi, lenti nefndin í tímanauð. Einingis var hægt í fljótheitum að fara yfir tillögu að tilmælum. Afgreiðsla samþykktarinnar og ítarlegri umræða um tilmælin bíður seinni umræðu á 100. Alþjóðavinnumálalapinginu.

### 3.7 STEFNA Í VINNUMÁLUM

97. Alþjóðavinnumálalapingið árið 2008 afgreiddi yfirlýsingu um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Í yfirlýsingunni er að finna kjarnann í stefnu Alþjóðavinnumálafundunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði. Hann felst í eftirfarandi:

- að stuðla að fjölgun starfa með því að skapa sjálfbært stofnana- og efnahagsumhverfi,
- að þróa og efla ráðstafanir til að koma á almannatryggingum og vernd starfsmanna gegn misnotkun – sem eru sjálfbærar og aðlagðar að aðstæðum í hverju ríki fyrir sig,
- að efla samráð aðila vinnumarkaðarins og þríhliða samstarf,
- að virða, stuðla að og hrinda í framkvæmd grundvallarreglum og réttindum við vinnu.

Samhliða afgreiðslu yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 var ákveðið að taka upp nýtt kerfi sem byggir á reglubundinni skýrslugjöf um framangreinda stefnumarkandi þætti. Markmiðið er að fá með skjótum hætti yfirlit yfir stöðu mála í aðildarríkjunum þannig að hægt sé bregðast við með ráðleggingum eða beinni aðstoð alþjóðavinnumálaskrifstofunnar við ríkin.

Á Alþjóðavinnumálalapinginu var í fyrsta skipti unnið eftir þessa nýja kerfi. Sérstakri þingnefnd var falið að fara yfir samantekt á skýrslum aðildarríkjanna um aðgerðir sem stefndu að fyrsta atriðinu um fjölgun starfa og aðgerðum sem miðuðu að því að skapa sjálfbært stofnana- og efnahagsumhverfi. Í samantektinni voru tillögur um frekari aðgerðir í umbótaátt. Í nefndinni áttu sæti 181 fulltrúi, þar af 81 fulltrúi ríkisstjórnar, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 76 fulltrúar launafólks. Valentin Mocanu, fulltrúi ríkisstjórnar Rúmeníu, var kjörinn formaður. Varaformenn voru Ronnie Goldber, fulltrúi atvinnurekenda í Banda-

ríkjunum, og Sharan Burrow, fulltrúi launafólks í Ástralíu. . Ákveðið var að setja undirnefnd í að semja drög að niðurstöðum. Magnús Norðdahl var kjörinn einn af 5 fulltrúum launafólks í þá nefnd en auk þess var hún skipuð 5 fulltrúum atvinnurekenda og 10 fulltrúum ríkisstjórnanna.

Í umræðum í nefndinni kom fram samstaða um að samantekt alþjóðavinnumála-skrifstofunnar gefi góða mynd af þróun vinnumála og af þeim vanda sem blasti við aðildarríkjunum. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á viðbrögð við afleiðingum aðsteðjandi efnahags- og fjármálakreppu á framvindu félags- og vinnumála. Þótt fram hafi komið ólík viðhorf tókst nefndinni að ná saman um niðurstöður og tillögu að þingsályktun sem síðar varð einróma samþykkt á allsherjarþingi vinnumálaþingsins.

Slóðin að skýrslu þingnefndar um framkvæmd samþykktu og tilmæla um stefnu í vinnumálum er: [http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_141630.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_141630.pdf)

#### 4. 100. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2011

##### 4.1 Skipulag og þátttaka

100. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 1.- 17. júní 2011. Samtals tóku þátt í starfi þingsins 5.886 fulltrúar frá 163 af 183 aðildarríkjum.

Robert Nkili, vinnumálaráðherra í Kamerún, var kosinn forseti þingsins. Varaforsetar voru kosnir Hernández Sánchez, ríkisstjórnarfulltrúi frá Dóminíska lýðveldinu, Lima Godoy, fulltrúi atvinnurekenda í Brasilíu, og Bogdan Hossu frá Rúmeníu úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir aðilar:

Frá velferðarráðuneytinu: Gylfi Kristinsson sérfræðingur. Í sparnaðarskyni tók hann þátt í þinginu fyrstu viku þinghaldsins.

Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Arnason sendiherra. Varmenn voru: Finnur Þór Birgisson sendiráðunautur og Veturliði Þór Stefánsson sendiráðsritari. Þeir voru allir starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
- II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla.
- IV. Misrétti í atvinnulífinu.
- V. Vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum.
- VI. Almannatryggingar.
- VII. Stjórn vinnumiðlunar og vinnueftirlits.

Allsherjarþing vinnumálaþingsins samþykkti stofnun eftirtalinna þingnefnda: Kjörbréfanefnd, fjárhagsnefnd, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla, nefnd um vinnuáðstæður þjónustufólks á heimilum, nefnd um stjórnarsýslu á sviði vinnumála og vinnuverndar og nefnd um almannatryggingar.

Um þingtímamann voru haldnar fjórar pallborðsumræður. Sú fyrsta fjallaði um atvinnumál, félagslega og stjórn málalega stöðu ungs fólks, einkum í Austurlöndum nær, en einnig á heimsvísu. Fyrsti hluti pallborðsumræðunnar snerist um hlutverk ungs fólks í sambandi við það sem kallað hefur verið arabíska vorið. Meðal þess sem kom fram var að um 70 hundraðshlutar ungs fólks í Túnesíu voru atvinnulausir fyrir byltinguna þar í landi. Slæmar

horfur í atvinnumálum voru nátengdar byltingunni þar sem eitt af kjörorðunum var *að hafa vinnu er réttur sérhvers einstaklings*. Þátttakendur í pallborðsumræðunum voru sammála um að krafan um aukin stjórn mála og efnahagsleg réttindi væri drifkrafturinn að baki mótmælaöldunni. Skipst var á skoðunum um það með hvaða hætti Alþjóðavinnuálastofnunin gæti lagt löndunum lið og um hlutverk fjölmiðla í að virkja ungt til þátttöku í mótmælunum.

Í seinni hluta pallborðsumræðnanna var rætt um stöðu ungs fólks almennt í heiminum. Einkum var staðnæmst við aukið atvinnuleysi. Einnig rætt um aukin áhrif ungs fólks á stefnu og starfshætti í samtökum atvinnurekenda og samtökum launafólks. Þátttakendur fjölluðu um það hvaða hlutverki Alþjóðavinnuálastofnunin gæti gegnt við að leggja ungu fólki lið og hvernig koma megi á tengslum og samvinnu á milli þess óháð landamærum eða heimsálfum.

Pallborðsumræður fjölluðu um efnið vinna og félagslegt réttlæti í heimi fjármálalífs án landamæra. Viðfangsefnið var að ræða hvernig nýta megi hagvöxt til að skapa mannsæmandi vinnuáðstæður. Fjármálaráðherra Egyptalands lagði áherslu á félagslegt réttlæti við lausn þeirra vandamála sem við blasa þar í landi. Þátttakendur voru sammála um að þáverandi efnahagsuppgangur myndi ekki leiða til betri starfa. Þar af leiðandi væri nauðsynlegt að skapa nýja umgjörð um atvinnu- og efnahagslífið.

Þriðju pallborðsumræðurnar voru um stefnu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði í sanngjarnari, grænni og sjálfbærri hnattvæðingu. Sjónum var beint að því hvernig auka megi hagvöxt sem kemur öllum almennings meira til góða en leiðir jafnframt til sanngjarnari og grænni hnattvæðingar. Umræðan beindist að svæðum þar sem árangur hafði náðst á þessu sviði. Rætt var um hvaða breytingar þurfi að eiga sér stað í alþjóðlegri og svæðisbundinni samvinnu til að betra samræmi náist og koma megi á árangursríkari stjórnun.

Fjórðu og síðustu pallborðsumræðurnar snéru að nauðsyn umbóta á reglum um félagslegt réttlæti. Þátttakendur í umræðunum tilheyrðu svonefndum Madrídarklúbbi. Einkum var skiptst á skoðunum um mikilvægi samstarfs á milli ríkisvaldsins og samtaka aðila vinnu- markaðarins við að koma á félagslegu réttlæti, hlutverki einkafyrirtæka í að fjölga störfum og þörf á nýrri umgjörð um efnahagslífið. Auk þessa var fjallað um þau áhrif sem spilling, menntun, hið óformlega hagkerfi og fjármálalífið hafa á kosti þess að koma á félagslegu réttlæti.

Að venju bauð forstjóri alþjóðavinnuálastofnunar málsmetandi fólki að ávarpa Alþjóðavinnuálagið. Sá heiður féll í skaut forseta Finnlands, Tarja Halonen, forseta Indónesíu, Susilo Bambang Yudhoyono, kanslara Þýskalands, Angelu Merkel, forsætisráðherra Rússlands, Vladimir Putin, forseta Sviss, Micheline Calmy-Rey og forseta Tansaníu, Jakaya Merisho Kikwete.

## 4.2 KJÖRBRÉFANEFND

Vísað er til þess sem segir um hlutverk kjörbréfanefndar í kafla 2.2 hér að framan. Prosper Vokouma, ríkisstjórnarfulltrúi frá Burkina Faso, var kjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kjörin Lidija Horvac, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi.

Fyrsta verk nefndarinnar var að endurtaka ósk, sem sett hafði verið fram undanfarin fjögur ár, til ríkisstjórnar Pálmamottulands (Djibútí) um að gera skriflega grein fyrir vali á fulltrúa samtaka launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnuálaginu. Hún lýsti yfir megnri óánægju með þann skort á samstarfsvilja sem ríkisstjórnin sýndi með því að hunsu endurteknar óskir um upplýsingar. Fulltrúi ríkisstjórnar Pálmamottulands, Mohamed Siad Doualeh, mætti á fund nefndarinnar og gaf henni munnlega skýrslu um stöðu mála. Nefndin

endurtók gagnrýni sína á ríkisstjórnina og krafðist þess að fá umrædda skýrslu skriflegu fyrir næsta vinnumálaþing.

Nefndinni hafði verið falið að fylgjast með framvindu mála í Búrma (Myanmar) einkum að því er varðaði val á fulltrúa launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálaþinginu. Hún hafði óskað eftir skýrslu frá ríkisstjórninni fyrir vinnumálaþingið um aðgerðir til að tryggja að val fulltrúa launafólks færi fram án afskipta stjórnvalda. Umbeðin skýrsla barst ekki. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar, sem mætti á fund nefndarinnar, greindi frá því að ástæðan fyrir því að skýrslan hafi ekki borist væri tæknilegs eðlis en ekki af skorti á samstarfsvilja. Nefndin samþykkti að sendinefnd Búrma væri án atkvæðisréttar á þinginu en hefði málfrelsi og tillögurétt.

Samtals fjallaði nefndin um 17 kærur. Fram komu kærur vegna skipunar fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins eða vegna þess að sendinefndir væru án þeirra. Þau lönd sem hér um ræðir voru Argentína, Búrma, Ekvador, Fidji, Gvatemala, Mánaríanía, Miðbaugs-Gínea, Pálmamottuland, Pakistan, Síle, Sómalía, Tjadjkistan og Venesúela.

### 4.3 FJÁRMÁL

Greg Vines, fulltrúi ríkisstjórnar Ástralíu, var kosinn formaður fjárhagsnefndar. Áður er komið fram að aðgangur að þeirri nefnd er bundinn við ríkisstjórnarfulltrúa. Á þeirri reglu eru tvær undantekningar. Atvinnurekendum og launafólki er boðið að tilefna sinn fulltrúann hvor aðili til að fylgjast með og taka þátt í almennum umfærðum í nefndinni. Atvinnurekendur tilnefndu Emmanuel Julien og launafólk Roy Trotman til að taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins.

Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kynnti fyrir nefndinni starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrir tveggja ára tímabilið 2012 – 2013. Hann lagði áherslu á um væri um að ræða hækkun þar sem tekið sé tillit til verðlagsbreytinga. Fulltrúar ríkja, sem hlutfallslega leggja mest til stofnunarinnar, gátu ekki fallist á þetta. Niðurstaðan varð sú að fallist var á að fjárhagsáætlunin hækki um 2,1 í stað 2,7 hundraðshluta eins og upphaflega var lagt til. Áætluð útgjöld á þessu tveggja ára tímabili verða því 726 milljónir Bandaríkjadala. Mikill meiri hluti aðildarríkjanna féllst á þessa lausn. Nokkur voru andvíg og lögðu til enn meiri sparnað og niðurskurð. Í þeim hópi voru Bandaríkin, Kanada og Stóra-Bretland.

### 4.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla endurkaus Sérgio Paixao Pardo, fulltrúa ríkisstjórnar Brasilíu, formann nefndarinnar og sem varaformenn Edward E. Potter, fulltrúa atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Luc Cortebeeck, fulltrúa launafólks í Belgíu. Christian Horn, fulltrúi ríkisstjórnar Namibíu, var valinn til að flytja allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 17 fundi um þingtímann.

Hér að framan í kafla 2.4 hefur verið lýst verklagi nefndarinnar. Umræður byggja á skýrslu nefndar 20 sérfræðinga í félags- og vinnumálalöggjöf. Hlutverk sérfræðinganeftarinnar er að fara yfir skýrslur sem aðildarríkin gefa um framkvæmd á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem þau hafa fullgilt. Nefndin leggur mat á það hvort framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði samþykktanna. Niðurstaðan er birt í framangreindri skýrslu. Einnig lá fyrir nefndinni yfirlitsskýrsla um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem snerta stefnu í atvinnumálum og fjölgun starfa.

Nefndarstarfið hefst með almennum umræðum um setningu samþykktar á sviði félags- og vinnumála. Einnig er fjallað um starfshætti nefndarinnar. Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ríður á vaðið með yfirlitsræðu um starfsemi Alþjóðavinnumála-

stofnunarinnar varðandi þessa afmörkuðu þætti. Fulltrúinn minnti á ýmsar aðgerðir sem gripið hafi verið til í því skyni að gera starf þingnefndarinnar markvissara og árangursríkara. Hann benti á að á þessu Alþjóðavinnuálagningi færi fram önnur og síðari umræða um tillögu að samþykkt og tilmælum um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum. Í þessu sambandi vakti hann máls á því að landbúnaðarverkafólk búi í mörgum löndum við óviðunandi vinnuáðstæður. Alþjóðavinnuálastofnunin geti lagt sitt af mörkum til að bæta vinnuskilyrði þessa fólks.

Formaður sérfræðinganeftdarinnar, Yozo Yokota, greindi frá ýmsu sem hafði verið gert til bæta starfshætti þeirrar nefndar. Hann gerði að umtalsefni skyldu aðildarríkjanna til að senda alþjóðavinnuálastofnunni skýrslur um framkvæmd fullgilttra alþjóðasamþykktta. Fram kom að af 2.990 höfðu einungis 2.002 skýrslur borist í tíma eða 67 hundradshlutar. Skýrslur sem berast seint settu starfsáætlun sérfræðinganeftdarinnar úr skorðum. Hann hvatti ríkisstjórnir aðildarríkjanna til að virða fresti um skýrsluskil.

Formaður sérfræðinganeftdarinnar gerði að umtalsefni yfirlitsskýrslu ársins sem fjallar um framkvæmd á samþykktum um almannatryggingar. Hann kvaðst geta með nokkurri ánægju greint frá því að þótt almannatryggingar væru í mörgum tilvikum flókið viðfangsefni hefðu 116 aðildarríki sent alþjóðavinnuálastofnunni 424 skýrslur um þetta efni. Auk þess hafi sérfræðinganeftdin haft við samantektina skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, og nr. 168, um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi.

Áður er komið fram í þessari skýrslu að mestur tími þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktta fari í umræður um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Yfir þingtímann fjallar nefndin um framkvæmd 25 ríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Í kafla 2.3 er gerð grein fyrir því hvernig ríkjahópurinn verður til. Hér er einungis hægt að geta um málefni nokkurra ríkja sem komu til umfjöllunar í nefndinni.

Þetta var 13 árið í röð þar sem sérstökum fundi nefndarinnar var varið í umræðu um framvindu mála í Búrma. Ástæðan eru óvenjulega gróf brot herforingjastjórnarinnar þar í landi á ýmsum grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, einkum þeim sem fjalla um afnám nauðungarvinnu, um félagafrelsi og um samningafrelsi.

Steve Marshall, sérlegur erindreki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Búrma, gaf þingheimi skýrslu um þróun mála í landinu. Í máli hans kom fram að breytingar hafi orðið á ríkisstjórn landsins. Of snemmt væri að segja til um hvaða þýðingu þær hafi. Ýmis jákvæð teikn séu á lofti. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar á búrmanska þinginu hafi tekið þátt í fræðslu á vegum ILO. Kærum vegna nauðungarvinnu, sem hafa borist erindreka Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hafi fjölgað umtalsvert sem benti til að fólk bæri aukið traust til þess að sú leið leiði til árangurs. Tilvikum um nauðungarvinnu á vegum opinberra stofnana fari fækkandi. Ríkisstjórnin hafi lýst sig fylgjandi aðgerðum gegn skráningu barna til herþjónustu. Herinn haldi hins vegar óbreyttri stefnu að því er varðaði nauðungarvinnu. Ástæðan væri m.a. sú að herdeildir þurfi að sjá um sig sjálfar og stundi eins konar sjálfsþurftarþjónustu. Við þessum vanda verði að bregðast með breytingum á fyrirkomulagi á fjárveitingum til hersins.

Eftir almennar umræður samþykkti nefndin að ítreka við stjórnvöld í Búrma að þau hrindi í framkvæmd tilmælum sérstakrar rannsóknarnefndar frá árinu 1997. Þess var enn fremur óskað að ríkisstjórnin gefi stjórnarnefndinni skýrslu um framvindu mála á fundi hennar í nóvember 2011 sem og á Alþjóðavinnuálagningu í júní 2012.

Vinnuálagningaherra Svasílands kom fyrir þingnefndina um framkvæmd alþjóðasamþykktta vegna brota á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Fram kom hjá ráðherranum að ríkisstjórnin vinni að framkvæmd tilmæla sendinefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá árinu 2010. Vinnulöggjöf landsins hafi verið endurskoðuð, verið sé að rannsaka dauða

verkalýðsleiðtoga sem hafi verið í haldi lögreglunnar og búið sé að hanna umgjörð um samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins. Þessu til viðbótar hafi ríkisstjórnin átt frumkvæði að viðræðum við fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins og yfirstjórnar löggæslumála um að lögreglusamþykkt um almannareglu virði rétt stéttarféлага til að efna til fjöldafunda í friðsamlegum tilgangi. Ríkisstjórnin sé einnig að rannsaka ásakanir um mismunun félagsmanna stéttarféлага á svonefndum tollfrjálsum fríhafnarsvæðum.

Í máli ræðumanna, sem tóku þátt í umræðum um málefni Svasílands, komu fram áhyggjur yfir því að hægt gangi að hrinda umbótum í framkvæmd. Bent var á að enn séu í gildi neyðarlög sem lögregla noti til að beita friðsama mótmælendur ofbeldi. Niðurstaða nefndarinnar var sú að beina því til ríkisstjórnarinnar að hraða umbótum og uppfylla kröfur sem samþykkt nr. 87 gerir í því skyni að tryggja þegnunum félagafrelsi.

Málefni Kongó komu aftur til umfjöllunar nefndarinnar, þ.e. framkvæmd samþykktar nr. 29, um nauðungarvinnu. Ríkisstjórnin var sökuð um að láta undir höfuð leggjast að grípa til aðgerða gegn grófum brotum á samþykkinni sem felast í ráni á konum og börnum sem gerð eru að kynlífsþrælum, notuð sem þjónustufólk á heimilum og sæta fjöldanaudgunum af bæði öryggisveitum ríkisins og vopnuðum einkahersveitum. Það er einkum fólk af ættflokki Pygmæ sem orðið hefur illa úti. Kongó sendi sendinefnd til Alþjóðavinnuálagingsins en fulltrúi ríkisstjórnarinnar sá sér ekki fært að mæta á fund þingnefndarinnar. Þetta harmaði nefndin í niðurstöðum sínum. Hún tók undir álit sérfræðinganefndarinnar að um væri að ræða sérstaklega gróf brot á umræddri samþykkt. Nefndin skoraði á ríkisstjórnina að grípa þegar til nauðsynlegra aðgerða þannig að aðstæður í landinu séu í samræmi við samþykkt nr. 29. Þetta gildi bæði um herinn og vopnaðar málaliðahersveitir. Nefndin krafist þess að ríkisstjórn Kongó geri sérfræðinganefndinni ítarlega grein fyrir aðgerðum sem miða að því að mæta kröfum samþykktar nr. 29, um nauðungarvinnu.

Slóðin að skýrslu þingnefndar um framkvæmd samþykktar og tilmæla er:  
[http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_157818.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_157818.pdf)

#### **4.5 VINNUSKILYRÐI ÞJÓNUSTUFÓLKS Á HEIMILUM**

Eitt elsta starfið í heiminum er þjónustustarf á heimili. Þótt það hafi þróast og breyst í takt við samfélagsbreytingar líkt og önnur störf, hefur það sérstöðu. Sá sem gegnir þjónustustarfi á heimili er í annarri stöðu en sá sem vinnur í verksmiðju eða á skrifstofu. Viðkomandi er inni á heimili atvinnurekandans og býr oft við einangrun eða takmörkuð samskipti við aðra sem eru í sömu stöðu. Þjónustustörf á heimilum eru oftast vanmetin í launum og þeir sem þeim gegna njóta takmarkaðra réttinda að því er varðar ákvæði vinnuverndarlaga. Vörn gegn mismunun og misneytingu er lítil og fá úrræði til að leita réttar síns. Stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagingsinnar taldi það því verðugt verkefni og löngu tímabært að Alþjóðavinnuálagingsinnar skapaði þessari stétt mannsæmandi vinnuskilyrði.

Á 99. Alþjóðavinnuálagingsinu árið 2010 fór fram fyrri umræða um tillögu að samþykkt og tilmælum um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum eins og gerð er grein fyrir í kafla 3.6 hér að framan. Þingnefnd um þetta málefni kaus Hans Leo Cacadac, fulltrúa ríkisstjórnar Filippseyja, sem nýjan formann. Nýr varaformaður var kosinn Paul Mackay, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja Sjálandi. Halimah Yacob, fulltrúi launafólks í Singapúr, var endurkosinn sem varaformaður. María Luisa Escorel de Moraes, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Í henni áttu sæti 209 fulltrúar, þar af voru 102 fulltrúar ríkisstjórna, 35 fulltrúar atvinnurekenda og 72 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt 18 fund um þingtímann.

Starf nefndarinnar tók mið af niðurstöðum fyrri umræðu á vinnuálagingsinu 2010. Starfsmenn alþjóðavinnuálagingsinnar höfðu á grundvelli þeirra farið yfir drögin að

samþykktinni og tilmælunum og gert ýmsar breytingar og lagfæringar. Að þessu sinni var nokkuð víðtæk samstaða um að stefna að afgreiðslu samþykktar og tilmæla um þetta málefni en um það voru greidd atkvæði við fyrri umræðu. Einnig voru fulltrúar sammála um að standa við samkomulag sem tókst eftir mikinn ágreining um gildissvið væntanlegrar samþykktar. Samkomulagið fól í sér nokkuð víðtækt gildissvið með fáum undantekningum sem giltu um afmarkaða hópa starfsfólks. Einnig tókst að jafna ágreining um kynhlutlaust orðfæri í ensku og frönsku útgáfum tillagnanna.

Nefndin hélt áfram að fjalla um ákvæði í drögum að samþykktinni sem taka til ákvæða um grundvallarreglur sem t.d. varða lágmarksaldur, ráðningarsamning, vernd gegn mismunun og misnotkun, vinnutíma, laun, vinnuumhverfi og almannatryggingar. Einnig var rætt um ákvæði sem snúa að þjónustufólki sem er af erlendu bergi brotið. Af hálfu fulltrúa ríkisstjórna vestrænna iðnríkja og Evrópusambandsins var lagður fram nokkur fjöldi breytingatillagna sem gengu út á að gera reglur samþykktarinnar sveigjanlegri. Þetta gildi ekki síst um fulltrúa aðildarríkja Evrópusambandsins sem lögðu áherslu á að gætt yrði samræmis við reglur sem sambandið hefur þegar samþykkt á þessu sviði. Stór hluti af fundartíma nefndarinnar fór í að ræða framangreint ekki síst form ráðningarsamnings, ákvæði um laun og vinnutíma.

Af hálfu atvinnurekenda var lögð fram tillaga um að víkja út af reglum sem almennt gilda um gildistöku samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Samkvæmt gildandi reglum er gerð krafa um a.m.k. tvö aðildarríki fullgildi samþykkt þannig að hún taki gildi. Með sama hætti eru nokkuð strangar reglur um það hvenær hægt er segja upp samþykkt þannig að hún falli úr gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki. Ekki tóku fulltrúar ríkisstjórna undir þessa tillögu. Í máli þeirra kom fram að tillaga af þessu tagi kalli á almenna umræðu um gildistöku samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Ekki sé rétt að hafa mismunandi ákvæði um þetta efni þótt dæmi um slíkt sé að finna, t.d. samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Tillagan var því dregin til baka.

Tillaga nefndarinnar til allsherjarþingsins um samþykkt og tilmæli um vinnuskilyrði þjónustufólks hlutu góðan meirihluta stuðning þingfulltrúa. Samtals greiddu 396 samþykktinni atkvæði sitt, 16 voru andvígir og 63 sátu hjá. Samþykktin og tilmælin eru birt sem fylgiskjöl með þessari skýrslu í samræmi við ákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

#### 4.6 ALMANNATRYGGINGAR

Á Alþjóðavinnuálagþinginu árið 2008 var afgreidd yfirlýsing um um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Með yfirlýsingunni var samþykkt þingsályktun um kerfi til að fylgjast með framkvæmd hennar. Kerfið byggir á því að árlega er tekin saman yfirlitsskýrsla um eitt af fjórum stefnumarkandi málefnum sem yfirlýsingin tekur til. Yfirlitsskýrslan byggir á skýrslum aðildarríkjanna auk annarra gagna sem starfsfólk alþjóðavinnuálastofnunarinnar viður að sér úr ýmsum áttum, t.d. frá öðrum alþjóðastofnunum. Yfirlitsskýrslan sem lá fyrir 100. Alþjóðavinnuálagþinginu 2011 fjallaði um framkvæmd samþykktar og tilmæla Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um almannatryggingar.

Þingnefndin um almannatryggingar naut formennsku Jan Feyder, fulltrúa ríkisstjórnar Lúxemborgar. Varaformenn voru Michel Barde, fulltrúi atvinnurekenda í Sviss, og Helen Kelly, fulltrúi launafólks í Ástralíu. Í nefndinni sátu samtals 198 fulltrúar, þar af voru 96 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 69 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt 12 fundi um þingtímann.

Umræður í nefndinni snerust fyrst og fremst um efni væntanlegra tilmæla um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar sem fyrirhugað var að leggja fyrir 101. Alþjóðavinnuálagþingið 2012. Áætlað er að um fimmtungur launafólks í heiminum búi við



einhvers konar almannatryggingar. Markmiðið með tilmælum um þetta efni er að freista þess að stjórnvöld fleiri aðildarríkja hugsi sér til hreyfings og komi á kerfi almannatrygginga. Orðalagið lágmarksréttur til félagslegrar verndar og velferðar er sótt til ráðstefnu sem haldin var að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna í samvinnu við Alþjóðavinnumálastofnunina og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina undir þessari yfirskrift í apríl 2009. Ákveðið var að setja undirnefnd í að semja drög að niðurstöðum. Magnús Norðdahl var kjörinn einn af 8 fulltrúum launafólks í þá nefnd en auk þess var hún skipuð 8 fulltrúum atvinnurekenda og 12 fulltrúum ríkisstjórnanna.

Niðurstaða nefndarinnar var að leggja fyrir allsherjarþingið tillögu til þingsályktunar um að sett verði á dagskrá næsta Alþjóðavinnumálaþings árið 2012 tillaga að tilmælum um lágmarksrétt til félagslegrar verndar sem taki mið af þeim efnisatriðum sem fram komu í ályktuninni. Tillagan var samþykkt sem ályktun 100. Alþjóðavinnumálaþingsins.

Í ályktuninni er lögð áhersla á að væntanleg tilmæli verði það sveigjanleg að þau gefi aðildarríkjunum færi á að hrinda í framkvæmd félagslegu stuðningskerfi sem sé þeim fjárhagslega viðráðanlegt. Markmiðið eigi ekki að vera stilla upp einni fyrirmynd heldur að aðildarríkin velji sér leið að markinu sem sé í samræmi við getu og aðstæður. Ályktunin byggir á þeirri hugsun að fá sem flest ríki til að koma upp stuðningskerfi sem síðan megi bæta og þróa eftir því sem efni leyfa. Með þeim hætti sé stefnt að því að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis. Með þessu verklagi er viðurkennd sú staðreynd að mörg fátæk lönd hafa ekki burði á næstu árum til að uppfylla kröfur sem gerðar eru í samþykktum stofnunarinnar um almannatryggingar.

#### 4.7 SKIPULAG VINNUMIÐLUNAR OG VINNUEFTRLITS

Í ljósi banka- og fjármálakreppunnar, tæknibreytinga, lýðfræðilegrar þróunar og áhrifa hnattvæðingar á þróun félags- og vinnumála var ákveðið að setja á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins spurninguna um það hvernig stjórnvöld vinnumála og vinnueftirlits geti brugðist við nýjum viðfangsefnum sem leiða af þessum breytingum. Umræður um þetta efni fóru fram í einni af nefndum þingsins. Þær byggðu á skýrslu sem starfsfólk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hafði tekið saman undir heitinu Stjórnsýsla vinnumála og vinnueftirlits. Í fyrsta hluta skýrslunnar er að finna samantekt á aðstæðum og breytingum sem stjórnvöld vinnu- og vinnuverndarmála hafa þurft að takast á við, ekki síst með bankakreppunni og fjármálaþrengingunum sem hófust haustið 2008. Þetta gildir ekki síst um það hvernig hægt er að bæta virkni og þjónustu vinnumiðlunar á vegum hins opinbera með nútímalegri starfsháttum og jafnvel útivistun verkefna. Einnig með því að beita nýrri samskiptatækni sem auðveldar og einfaldar þjónustu við viðskiptamenn, atvinnurekendur og atvinnuleitendur.

Annar hluti skýrslunnar fjallar um þau áhrif sem breyttar aðstæður hafa á starfsskilyrði vinnueftirlits í aðildarríkjum, t.d. samdráttur fjárveitinga, og getu til að fylgjast með framkvæmd hinna fjögurra meginatriða í yfirlýsingunni um grundvallarréttindi í atvinnulífinu frá árinu 1998. Þau eru félagafrelsi, aðgerðir gegn nauðungarvinnu, barnavinnu og hvers kyns mismunun. Ný tækni, t.d. nano-tæknin, hafa vakið upp flóknin viðfangsefni um hugsanlega heilsuvá í vinnuumhverfinu.

Gundla Kvam, fulltrúi ríkisstjórnar Noregs, var kosin formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Mithunzi Mdwaba, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og Sam Gurney, fulltrúi launafólks í Stóra-Bretlandi. Í nefndinni sátu samtals 194 fulltrúar. Þar af var 101 fulltrúi ríkisstjórna, 32 fulltrúar atvinnurekenda og 61 fulltrúi launafólks. Vera Albuquerque, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt 13 fundi um þingtímann.

Í umræðum í nefndinni var einhugur um að stjórnvöld vinnu- og vinnuverndarmála standi frammi fyrir erfiðum viðfangsefnum sem eru afleiðingar af hnattvæðingu og tækniþróun. Banka- og fjármálakreppan hafi aukið vandann. Þar af leiðandi ríkti samhljómur í ræðum fulltrúa um nauðsyn þess að gera starfsemi vinnumiðlunar og vinnueftirlits sveiganlegra þannig að hún geti í samstarfi við aðrar opinberar stofnanir betur lagað sig að breytingum og framfylgt löggjöf í atvinnulífinu til að tryggja réttindi launafólks til mannsæmandi vinnuskilyrða og heilsusamlegs vinnuumhverfis.

Nefndin afgreiddi tillögu að þingsályktun sem er í 22 greinum. Í henni er áréttuð þörfin fyrir öflugra vinnumiðlun og virkt vinnueftirlit. Lögð er áhersla á góða stjórnsýslu og lagt til að kannaðir séu kostir á samstarfi við einkaaðila um framkvæmd á afmörkuðum verkefnum. Lagt er fyrir alþjóðavinnuáskrifstofuna að leggja sérstaka rækt við nokkur forgangsmál m.a.:

- að vinna að því að fjölga fullgildingum á samþykktum á þessu sviði,
- að hvetja ríkisstjórnir aðildarríkjanna til að efla samstarf við samtök aðila vinnumarkaðarins og auka miðlun upplýsinga sín á milli um velheppnuð vinnu- markaðsverkefni,
- að rannsaka kosti við að auka skilvirkni meðal annars með útvistun verkefna, menntun og þjálfun starfsmanna og
- að efna til ráðstefnu með þátttöku fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks um þátttöku einkaaðila í framkvæmd laga og reglugerða um vinnueftirlit.

Slóðin að skýrslu þingnefndar um vinnumiðlun og vinnueftirlit er:

[http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms\\_157704.pdf](http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_157704.pdf)

**TILMÆLI NR. 200 UM HIV, ALNÆMI OG  
VINNUMARKAÐINN**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 99. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 2010 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og

veitir því athygli að HIV og alnæmi (AIDS) hafa alvarleg áhrif á samfélag og efnahag þjóða, á vinnumarkaðinn bæði á hinn formlega og óformlega geira, á launafólk, fjölskyldur þess og nánustu skyldmenni, á samtök atvinnurekenda og launafólks og á opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki og torveldar ráðningu í mannsæmandi vinnu og sjálfbæra þróun og

áréttar mikilvægi þess hlutverks Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að takast á við HIV og alnæmi á vinnumarkaðnum og nauðsyn þess að stofnunin styrki eigin viðleitni sem miðar að því að ná félagslegu réttlæti og berjast gegn mismunun og útskúfun með tilliti til HIV og alnæmis í öllum þáttum starfs hennar og umboðs og

minnist þess hve mikilvægt er að draga úr óformlega hagkerfinu með því að stuðla að mannsæmandi vinnu og sjálfbærri þróun í því skyni að stuðla að því að vinnumarkaðurinn bregðist betur við HIV og alnæmi og

veitir því athygli að mikill félagslegur og efnahagslegur ójöfnuður, skortur á upplýsingum og tilliti, trúnaðarbrestur og ónógur aðgangur að meðferðarúræðum og meðferðarheldni, auka hættuna á HIV-útbreiðslu, á hækkun dánartíðni, stuðlar að fjölgun barna sem hafa misst annað eða bæði foreldri og fjölgun launafólks sem stundar óformleg störf og

með það í huga að fátækt og félagslegur og efnahagslegur ójöfnuður og atvinnuleysi auka hættuna á því að fólk njóti ekki forvarna, meðferðar, umönnunar eða stuðnings og því eykst hættan á smiti og

veitir því athygli að vansæmd, mismunun og ógn um atvinnumissi sem HIV- og alnæmissmitað fólk má þola kemur í veg fyrir að fólk þekki HIV-stöðu sína og að fólk leiti sér greiningar og þannig eykst varnarleysi launafólks gegn HIV og þá er grafið undan rétti þess til félagslegra bóta og

veitir því athygli að HIV og alnæmi hafa mun alvarlegri áhrif á hópa sem eru berskjaldaðir og áhættuhópa og

veitir athygli að HIV hefur bæði áhrif á karla og konur þótt konur og stúlkur séu í meiri hættu og berskjaldaðri fyrir HIV-smiti og hættara við meiri áhrifum af HIV-heimsfaraldri í samanburði við karla sökum kynjamisréttis og því sé lykilatriði að styrkja konur í alheimsátaki gegn HIV og alnæmi og

minnist mikilvægis þess að tryggja öryggi launafólks með alhliða áætlunum í þágu öryggis og heilbrigðis við vinnu og

minnist gildis verklagsreglna Alþjóðavinnuáætlunarinnar (ILO), þ.e. *verklagsreglna Alþjóðavinnuáætlunarinnar um HIV/alnæmi og vinnumarkaðinn*, 2001, og nauðsyn þess að efla áhrif þeirra með hliðsjón af því að það eru takmörk og misbrestur á framkvæmd þeirra og

veitir athygli nauðsyn þess að stuðla að og hrinda í framkvæmd alþjóðlegum samþykktum og tilmælum á sviði vinnumála sem og öðrum alþjóðlegum gerningum sem tengjast HIV, alnæmi og vinnumarkaðnum, þ.m.t. þeir gerningar þar sem viðurkenndur er réttur fólks til að lifa við sem mest heilbrigði og mannsæmandi lífskjör og

hefur hugfast hið sérstaka hlutverk samtaka atvinnurekenda og launafólks við að stuðla að og styðja viðleitni á landsvísu og heimsvísu til að bregðast við HIV og alnæmi á gervöllum vinnumarkaðnum og

veitir athygli hinu mikilvæga hlutverki vinnustaðarins hvað varðar upplýsingagjöf um og aðgengi að forvörnum, meðferð, umönnun og stuðningi við viðbrögð við HIV og alnæmi á landsvísu og

staðfestir nauðsyn þess að halda áfram alþjóðlegu samstarfi og auka það, einkum í tengslum við sameiginlega áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn HIV/alnæmi til að styðja við viðleitni til að framfylgja þessum tilmælum og

minnist gildis samstarfs á landsvísu, svæðisvísu og alþjóðavísu við það skipulag sem sinnir HIV og alnæmi, þ.m.t. heilsugæsla og við viðeigandi samtök, einkum þau sem koma fram fyrir hönd einstaklinga sem lifa með HIV og

staðfestir nauðsyn þess að setja alþjóðlegar viðmiðanir í því skyni að leiðbeina ríkisstjórnnum og samtökum atvinnurekenda og launafólks við að skilgreina hlutverk sitt og skyldur á öllum stigum og

hefur samþykkt tiltekna tillögur hvað varðar HIV og alnæmi og vinnumarkaðinn, og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla;

samþykkir í dag 17. júní 2010 eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu tilmæli um HIV og alnæmi, 2010.

## I. SKILGREININGAR

1. Í tilmælum þessum er merking eftirtalinna hugtaka sem hér segir:

- a) „HIV“ er eyðniveira sem leggst á menn og sem skaðar ónæmiskerfi manna. Koma má í veg fyrir smitun með viðeigandi ráðstöfunum,
- b) „alnæmi/AIDS“ vísar til áunninnar ónæmisbæklunar sem er lokastig HIV-sýkingar og einkennist af tilfallandi sýkingum eða HIV-tengdu krabbameini eða hvoru tveggja,
- c) „einstaklingar sem lifa með HIV“ eru einstaklingar sem eru sýktir af HIV-veirunni,

- d) „vansæmd“ er félagslegur blettur sem veldur, þegar hún tengist einstaklingi, útskúfun eða kemur í veg fyrir að fólk sem er smitað af eða verður fyrir áhrifum HIV njóti til fullnustu félagslegra lífsgæða,
- e) „mismunun“ er hvers kyns aðgreining, útilokun eða forgangur sem hefur þau áhrif að gera að engu eða skerða jafnan aðgang að tækifærum eða meðferð í atvinnu eða í starfi, svo sem um getur í samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, 1958 og tilmælunum frá 1958,
- f) „einstaklingar sem verða fyrir áhrifum“ eru einstaklingar sem hafa orðið fyrir því að líf þeirra hefur breyst af völdum HIV eða alnæmis sökum víðtækari áhrifa heimsfaraldursins,
- g) „sanngjörn aðlögun“ er hvers kyns breyting eða aðlögun að starfi eða að vinnustað sem er gerleg innan sanngjarnra marka og gerir einstaklingi sem lifir með HIV eða alnæmi kleift að hafa aðgang að, taka þátt í eða sækja fram í starfi,
- h) „varnarleysi“ er ójafn aðgangur, félagsleg útskúfun, atvinnuleysi eða ótrygg atvinna af völdum félagslegra, menningarlegra, pólitískra og efnahagslegra þátta sem gera einstakling næmari en ella fyrir HIV-smiti og fyrir því að það þróist í átt að alnæmi,
- i) „vinnustaður“ er staður þar sem launafólk sinnir starfi sínu, og
- j) „launafólk“ vísar til einstaklinga sem starfa samkvæmt hvers kyns fyrirkomulagi eða samningi.

## **II. GILDISSVIÐ**

2. Þessi tilmæli taka til:

- a) alls launafólks sem vinnur samkvæmt hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi og á öllum vinnustöðum, þ.m.t.:
  - i) einstaklinga í öllum störfum eða starfsgreinum,
  - ii) þeirra sem eru í þjálfun, þ.m.t. starfsmenn og lærlingar,
  - iii) sjálfboðaliða,
  - iv) fólks í atvinnuleit og þeirra sem sækja um störf, og
  - v) launafólks sem hefur verið vikið úr starfi eða sagt upp tímabundið,
- b) allra greina efnahagslegrar starfsemi, þ.m.t. einka- og opinberi geirinn og formlegu og óformlegu hagkerfin, og
- c) fólks í herþjónustu og fólks í einkennisbúningi í opinberri þjónustu.

## **III. ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR**

3. Eftirfarandi almennar grundvallarreglur skulu gilda um allar aðgerðir sem gripið er til á landsvísi til að bregðast við HIV og alnæmi á vinnumarkaðnum:

- a) viðurkenna skal að viðbrögð við HIV og alnæmi stuðli að virðingu fyrir mann-

réttindum, mannfrelsi og jafnrétti kynjanna fyrir alla, þ.m.t. launafólk, fjölskyldur þess og einstaklingar á framfæri þess,

- b) líta skal á og meðhöndla HIV og alnæmi sem málefni vinnustaða og skal það vera mikilvægur liður í viðbrögðum við heimsfaraldrinum á landsvísu, svæðisvísu og alþjóðavísu með fullri þátttöku samtaka atvinnurekenda og launafólks,
- c) launafólk skal hvorki sæta mismunun né vansæmd, einkum það sem leitar að störfum eða sækir um störf á grunni raunverulegrar eða hugsanlegrar HIV-stöðu eða þeirrar staðreyndar að það tilheyrir svæðum heims eða íbúahópi sem telst vera í meiri hættu eða berskjaldaðri en aðrir fyrir HIV-smiti,
- d) fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hvers kyns útbreiðslu HIV ættu að vera í algjörum forgangi,
- e) launafólk, fjölskyldur þess og einstaklingar á framfæri þess skulu eiga rétt á forvörnum, meðferð, umönnun og stuðningi í tengslum við HIV og alnæmi og vinnustaðir skulu gegna hlutverki við að sjá fyrir aðgangi að þessari þjónustu,
- f) viðurkenna og efla ber þátttöku launafólks og íhlutun í uppbyggingu, framkvæmd og mati á áætlunum á landsvísu og á vinnustöðum,
- g) launafólk ætti að njóta góðs af áætlunum til að koma í veg fyrir tiltekna áhættu á starfstengdri útbreiðslu HIV og tengdra smitsjúkdóma svo sem berkla,
- h) launafólk, fjölskyldur þess og einstaklingar á framfæri þess ættu að njóta verndar einkalífs síns, þ.m.t. trúnaður í tengslum við HIV og alnæmi, einkum hvað varðar HIV-stöðu þess sjálfs,
- i) launafólk má ekki sæta því að þurfa að gangast undir HIV-próf eða afhjúpa HIV-stöðu sína,
- j) ráðstafanir til takast á við HIV og alnæmi á vinnumarkaðnum ættu að vera hluti af stefnumótun um þróun og áætlanir á landsvísu, þ.m.t. þeirri sem tengist vinnu, menntun, félagslegri vernd og heilbrigði og
- k) vernd launafólks í störfum þar sem mikil hætta er á HIV-smiti.

#### IV. STEFNA OG ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

4. Aðildarríki ættu að:

- a) samþykka stefnu og áætlanir á landsvísu um HIV, alnæmi og vinnumarkaðinn og um öryggi og heilbrigði við vinnu þar sem slíkt er ekki þegar fyrir hendi og
- b) aðlaga stefnu sína og áætlanir um HIV, alnæmi og vinnumarkaðinn að þróunar-áætlunum og stefnu um að draga úr fátækt, þ.m.t. um mannsæmandi vinnu, sjálfbærni fyrirtækja og áætlanir um að afla tekna, eins og við á.

5. Við stefnumótun og gerð áætlana á landsvísu ættu lögbær stjórnvöld að taka tillit til verklagsreglna ILO um HIV/alnæmi frá 2001, og hvers kyns síðari endurskoðunar þeirra, annarra viðkomandi gerninga Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og annarra alþjóðlegra leiðbeininga um þetta málefni.

6. Lögbær stjórnvöld ættu að móta stefnu og gera áætlanir á landsvísu, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks auk samtaka sem koma fram fyrir hönd einstaklinga sem lifa með HIV, að teknu tilliti til sjónarmiða hlutaðeigandi starfsgreina, einkum á heilbrigðissviðinu.

7. Við stefnumótun og gerð áætlana á landsvísu ættu lögbær stjórnvöld að taka tillit til hlutverks vinnustaða við forvarnir, meðferð, umönnun og stuðning, þ.m.t. að hvatt sé til þess að fólk leiti sér ráðgjafar og fari í próf af fúsum og frjálsum vilja í samráði við sveitarfélög.

8. Aðildarríki ættu að grípa hvert tækifæri til að dreifa upplýsingum um stefnu sína og áætlanir um HIV, alnæmi og vinnumarkaðinn með milligöngu samtaka atvinnurekenda og launafólks, annarra hlutaðeigandi aðila á sviði HIV og alnæmis og eftir opinberum upplýsingaboðleiðum.

*Mismunun og kynning á jöfnum aðgangi að tækifærum og meðferð*

9. Ríkisstjórnir, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks ættu, að íhuga að veita vernd sem jafnast á við þá sem kveðið er á um í samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, 1958, til að koma í veg fyrir mismunun sem byggist á raunverulegri eða hugsanlegri HIV-stöðu.

10. Raunveruleg eða hugsanleg HIV-staða ætti ekki að vera ástæða mismununar sem kemur í veg fyrir ráðningu eða áframhaldandi vinnu eða sókn eftir jöfnum tækifærum í samræmi við ákvæði samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, 1958.

11. Raunveruleg eða hugsanlega HIV-staða ætti ekki að vera ástæða uppsagnar starfs. Líta ber á tímabundna fjarvera frá vinnu sökum veikinda eða umönnunarskyldu sem tengist HIV eða alnæmi með sama hætti og fjarveru af völdum annarra veikinda, að teknu tilliti til samþykktar um uppsögn starfs, 1982.

12. Þegar gildandi ráðstafanir gegn mismunun á vinnustöðum eru ófullnægjandi til að vernda fólk á árangursríkan hátt gegn mismunun í tengslum við HIV og alnæmi ættu aðildarríki að aðlaga þær ráðstafanir eða taka upp nýjar og kveða á um skilvirka og gagnsæja framkvæmd þeirra.

13. Ekki ætti að koma í veg fyrir að einstaklingar með HIV-tengda sjúkdóma haldi áfram að stunda vinnu sína, með sanngjarnri aðlögun ef nauðsyn krefur, eins lengi og þeir hafa heilsu til. Hvetja ætti til ráðstafana til að koma slíkum einstaklingum aftur til vinnu sem er aðlöguð eftir föngum að getu þeirra, til að finna aðra vinnu að lokinni þjálfun eða til að greiða fyrir því að þeir komist aftur til vinnu, að teknu tilliti til viðeigandi gerninga Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna.

14. Gera ætti ráðstafanir á vinnustaðnum eða fyrir milligöngu hans til að draga úr HIV-smiti og minnka áhrif þess með því að:

- a) tryggja virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi,
- b) tryggja jafnrétti kynjanna og auka völd kvenna,
- c) tryggja aðgerðir til að koma í veg fyrir og banna ofbeldi og áreitni á vinnustað,

- d) stuðla að því að bæði karlar og konur taki virkan þátt í að bregðast við HIV og alnæmi,
- e) stuðla að þátttöku og auka völd alls launafólks, burtséð frá kynhneigð þess og hvort það tilheyrir berskjölduðum hópi eða ekki,
- f) stuðla að verndun kynheilbrigðis og frjósemisheilbrigðis og kynlífs- og æxlunar- réttar kvenna og karla og
- g) tryggja að fulls trúnaðar sé gætt við meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. læknis- fræðilegar upplýsingar.

#### *Fyrirbyggjandi aðgerðir*

15. Laga ætti fyrirbyggjandi aðgerðir að aðstæðum á landsvísu og tegundum vinnustaða og taka ber mið af kynjatengdum, menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum álitamálum.

16. Fyrirbyggjandi áætlanir ættu að tryggja:

- a) að nákvæmar, uppfærðar, viðeigandi og tímanlegar upplýsingar séu ávallt aðgengilegar og tiltækar öllum á sniði og með orðalagi þar sem tekið er tillit til menningarlegra sérkenna með þeim ólíku boðleiðum sem völ er á,
- b) yfirgripsmiklar áætlanir á sviði menntamála til að efla skilning kvenna og karla að draga úr áhættunni af öllum HIV-smitleiðum, þ.m.t. smit milli móður og barns, og skilja mikilvægi þess að breyta áhættuhegðun sem tengist smiti,
- c) markvissar vinnuverndar- og heilbrigðisráðstafanir,
- d) ráðstafanir til að hvetja starfsfólk til að þekkja eigin HIV-stöðu með því að leita sér ráðgjafar og fara í próf af fúsum og frjálsum vilja,
- e) aðgengi að forvörnun, þ.m.t. að tryggja að fyrir hendi séu, en takmarkast þó ekki við, nauðsynlegar birgðir, einkum af verjum fyrir karla og konur og, ef við á, upplýsingar um rétta notkun þeirra og að fyrir hendi sé fyrirbyggjandi meðferð eftir útsetningu fyrir HIV,
- f) markvissar ráðstafanir til að draga úr áhættuhegðun, þ.m.t. fyrir þá hópa sem eru í mestri áhættu, með það að markmiði að draga úr nýgengi HIV og
- g) að áætlanir um að draga úr skaða byggðar á leiðbeiningum sem birtar eru á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO), sameiginlegrar áætlunar Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) og fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (UNODC) sem og aðrar viðeigandi leiðbeiningar.

#### *Meðferð og umönnun*

17. Aðildarríki ættu að sjá til þess að stefnumótun þeirra og áætlanir á landsvísu um inngríp á sviði heilsugæslu á vinnustað séu gerðar í samráði við atvinnurekendur, launafólk og fulltrúa þeirra og séu tengdar almannaheilbrigðisþjónustu. Þær ættu að bjóða upp á sem breiðast svið af viðeigandi og skilvirkri inngrípi til að koma í veg fyrir HIV og alnæmi og hafa stjórn á afleiðingum þeirra.



18. Aðildarríki ættu að sjá til þess að launafólk sem lifir með HIV og einstaklingar á framfæri þeirra njóti fulls aðgangs að heilsugæslu, þegar boðið er upp á slíkt á sviði almannaheilbrigðis-, tryggingarverndar- og einkatryggingakerfa. Aðildarríki ættu einnig að sjá til þess að launafólk eigi kost á menntun og njóti góðs af aðgerðum til að auka skilning sem auðveldi þeim aðgang að heilsugæslu.

19. Allir einstaklingar, sem þessi tilmæli taka til, þ.m.t. launafólk með HIV, fjölskyldur þeirra og einstaklingar á framfæri þeirra, ættu að eiga rétt á heilbrigðisþjónustu. Þessi þjónusta ætti að fela í sér aðgang að ókeypis eða ódýrri:

- a) ráðgjöf og prófun af fúsum og frjálsum vilja,
- b) andretróveirumeðferð og fylgimenntun, upplýsingum og stuðningi,
- c) réttri næringu í samræmi við meðferð,
- d) meðferð við tilfallandi sýkingum og sýkingum af völdum kynmaka og hvers kyns öðrum veikindum tengdum HIV, einkum berklum og
- e) stuðningsmeðferð og forvarnaráætlunum handa einstaklingum sem lifa með HIV, þ.m.t. sálfræði- og félagslegur stuðningur.

20. Launafólk eða einstaklingar á framfæri þess ættu ekki að sæta mismunun sem byggist á raunverulegri eða hugsanlegri HIV-stöðu þegar það leitar aðstoðar hjá almanna- eða vinnuslysatryggingakerfum eða í tengslum við bætur á grundvelli slíkra kerfa, þ.m.t. bætur vegna heilsugæslu, fötlunar og dauðsfalla og bætur til þeirra sem lifa af.

#### *Stuðningur*

21. Áætlanir um umönnun og stuðning ættu að fela í sér ráðstafanir um sanngjarna aðlögun á vinnustað fyrir einstaklinga sem lifa með HIV eða HIV-tengd veikindi með tilhlýðilegu tilliti til aðstæðna á landsvísu. Skipuleggja ætti vinnu með þeim hætti að hún sé aðlöguð að tilfallandi eðli HIV eða alnæmis auk hugsanlegra aukaverkana meðferðar.

22. Aðildarríki ættu að stuðla að því að einstaklingar sem lifa með HIV haldi vinnu og að þeir séu ráðnir til starfa. Aðildarríki ættu að íhuga að framlengja stuðning við einstaklinga sem lifa með HIV eða alnæmi þegar þeir stunda vinnu eða eru atvinnulausir og ef þörf krefur, veita þeim tækifæri til að afla tekna.

23. Ef unnt er að benda á bein tengsl milli starfs og hættu á sýkingu ber að viðurkenna alnæmi, og sýkingu af völdum HIV, sem atvinnusjúkdóm eða slysi í samræmi við verklagsreglur og skilgreiningar á landsvísu og með vísan til skrár yfir atvinnusjúkdóma frá 2002 auk annarra viðeigandi gerninga Alþjóðavinnuáráðstofnunarinnar.

#### *Prófun, einkalíf og trúnaður*

24. Prófun þarf að vera af fúsum og frjálsum vilja og laus við hvers kyns þvingun og prófunaráætlanir skulu vera í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar um trúnað, ráðgjöf og samþykki.

25. Ekki ber að krefjast HIV-prófunar eða annars forms af skimun eftir HIV af launafólki, þ.m.t. farandlaunafólki, fólki í atvinnuleit og þeim sem sækja um störf.

26. Niðurstöður HIV-prófunar ættu að vera trúnaðarmál og ættu ekki að stofna í hættu starfsgengi, fastráðningu, starfsöryggi eða tækifærum til frama í starfi.

27. Upprunalönd, lönd sem farið er um eða ákvörðunarlönd ættu ekki að krefjast þess að launafólk, þ.m.t. farandlaunafólk, fólk í atvinnuleit og þeir sem sækja um störf opinberi HIV-tengdar upplýsingar um sjálft sig eða aðra. Aðgengi að slíkum upplýsingum ætti að lúta reglum um trúnað í samræmi við verklagsreglur Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vernd persónuupplýsinga launafólks, 1997, og annarra alþjóðlegra viðmiðana um vernd persónuupplýsinga.

28. Ekki ætti að útiloka för farandlaunafólks eða þeirra sem sækjast eftir því að flytjast milli staða í atvinnuleit af hálfu upprunalanda, landa sem farið er um eða ákvörðunarlanda á grundvelli raunverulegrar eða hugsanlegrar HIV-stöðu.

29. Aðildarríki ættu að sjá til þess að fyrir hendi séu aðgengileg úrræði til að leysa deilumál svo tryggt sé að launafólk fái rétt hlut sinn ef brotið er gegn þeim rétti þeirra sem lýst er hér á undan.

### *Öryggi og heilbrigði við vinnu*

30. Vinnumhverfi ætti að vera öruggt og heilsusamlegt til að koma í veg fyrir HIV-smit á vinnustöðum, að teknu tilliti til samþykktar og tilmæla frá árinu 1981 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, rammisamþykktar og tilmæla frá 2006 um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu sem og annarra viðeigandi alþjóðagerninga svo sem sameiginlegra skjala alþjóðavinnuálagaskrifstofunnar og Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar.

Ráðstafanir um öryggi og heilsu, til að koma í veg fyrir að launafólk eigi hættu á HIV-smiti á vinnustað, ættu að fela í sér alhliða varúðarráðstafanir, forvarnar-ráðstafanir gegn slysum og hættu svo sem skipulagsráðstafanir, eftirlit með tækni og vinnuáðferðum, persónuhlífar, eftir því sem við á, ráðstafanir um eftirlit með umhverfispáttum og fyrirbyggjandi meðferð eftir að hafa orðið fyrir hugsanlegu HIV-smiti sem og aðrar öryggisráðstafanir til að draga úr hættu á að smitast af HIV og berklum, einkum í starfsgreinum þar sem áhættan er mest, þ.m.t. í heilsugæslustörfum.

32. Þegar hætta er á HIV-smiti á vinnustað ætti að sjá launafólki fyrir menntun og þjálfun um smitleiðir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á HIV-smiti. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að gripið sé til fyrirbyggjandi aðgerða um öryggi og heilsu í samræmi við viðeigandi kröfur.

33. Leggja ætti áherslu á það með ráðstöfunum til vitundarvakningar að HIV smitast ekki með frjálslægri líkamlegri snertingu og að ekki ber að líta á nærveru einstaklings með HIV sem hættu á vinnustað.

34. Verkefni, sem taka til þjónustu á sviði hollustuhátta og vinnustaða, sem tengjast öryggi og heilbrigði á vinnustað ættu að taka á HIV og alnæmi, að teknu tilliti til samþykktar og tilmæla frá árinu 1985 um heilsugæslu á vinnustöðum, *sameiginlegra leiðbeininga Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofn-*

*unarinnar um heilbrigðisþjónustu og HIV/alnæmi, 2005, og hvers kyns síðari endurskoðunar þeirra, auk annarra viðgeigandi alþjóðlegra gerninga.*

### *Börn og ungmenni*

35. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að berjast gegn barnavinnu og mansali á börnum, sem kann að stafa af dauða eða veikindum aðstandenda eða umönnunaraðila af völdum alnæmis sem og að draga úr varnarleysi barna gegn HIV, að teknu tilliti til yfirlýsingar Alþjóðavinnuáráðs um grundvallarréttindi í atvinnulífinu, 1998, samþykktar og tilmæla frá árinu 1973 um lágmarksaldur við vinnu og samþykktar og tilmæla frá 1999 um barnavinnu í sinni verstu mynd. Sérstakar ráðstafanir ber að gera til að vernda þessi börn fyrir kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misnotkun.

36. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að vernda ungt fólk gegn HIV-smiti og að fjalla sérstaklega um þarfir barna og ungmenna þegar gripið er til ráðstafana gegn HIV og alnæmi við stefnumótun og í áætlunum á landsvísu. Þær ættu að fela í sér hlutlæga fræðslu um kynheilbrigði og frjósemisheilbrigði, einkum miðlun upplýsinga um HIV og alnæmi með vinnu- og þjónustuáætlanir fyrir ungt fólk.

### **V. FRAMKVÆMD**

37. Stefnunótun og áætlanir á landsvísu um HIV og alnæmi og vinnumarkaðinn ættu:

- a) að ná fram að ganga í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t hlutaðeigandi opinberir aðilar og einkaaðilar á sviði heilbrigðismála með einni eða fleiri eftirfarandi aðferða:
  - i) innlendum lögum og reglugerðum,
  - ii) kjarasamningum,
  - iii) stefnumótun og áætlunum á landsvísu og á vinnustað og
  - iv) áætlunum eftir starfsgreinum, með sérstaka áherslu á greinar þar sem einstaklingar sem falla undir þessi tilmæli eru í mestri hættu,
- b) að láta stjórnvöld, sem lögum samkvæmt eru bær í vinnumálum og stjórnsýslu vinnumála, taka þátt í að skipuleggja og hrinda í framkvæmd stefnumálum og áætlunum og þau ættu að hljóta þjálfun í þessu tilliti,
- c) að kveða á um ráðstafanir í innlendum lögum og reglugerðum til þess að taka á brotum á persónuvernd og trúnaði og annarri vernd sem veitt er samkvæmt þessum tilmælum,
- d) að tryggja samstarf og samræmingu milli opinberra stjórnvalda og opinberra aðila og einkaaðila á sviði þjónustu sem í hlut eiga, þ.m.t áætlanir um tryggingar og bætur eða aðrar áætlanir,
- e) að efla og styðja öll fyrirtæki til að hrinda í framkvæmd stefnu og áætlunum á landsvísu, þ.m.t. fyrir milligöngu aðfanga- og dreifingarneta þeirra, með þátttöku

samtaka atvinnurekenda og launafólks og tryggja að fyrirtæki sem starfa í sviði útflutningsframleiðslu taki þátt í því,

- f) að hvetja til viðræðna við samtök aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við ákvæði samþykktar um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, 1976, og annars forms á samvinnu á milli stjórnvalda, opinberra starfsmanna og starfsmanna í einkageiranum og fulltrúa þeirra, að teknu tilliti til sjónarmiða starfsfólks á sviði hollustuhátta á vinnustað, sérfræðinga á sviði HIV og alnæmis auk annarra aðila, þ.m.t. samtök sem eru fulltrúar einstaklinga sem lifa með HIV, alþjóðlegar stofnanir, borgaraleg samtök og samhæfingarstofnanir landa,
- g) að vera mótuð, framkvæmd, reglulega endurskoðuð og uppfærð, að teknu tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda og félagslegrar þróunar og nauðsynjar þess að samþætta kynja- og menningarleg sjónarmið,
- h) að vera, meðal annars, samræmd stefnumótun og áætlun á sviði vinnu, tryggingaverndar og heilbrigðismála og
- i) að tryggja að aðildarríki kveði með sanngjörnum hætti á um hvernig framkvæmd þeirra er háttáð með, að teknu tilliti til innlendra aðstæðna, sem og getu atvinnurekenda og launafólks.

#### *Samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins*

38. Framkvæmd stefnu og áætlana um HIV og alnæmi á að byggjast á samvinnu og trausti milli atvinnurekenda og launafólks og fulltrúa þeirra og ríkisstjórna, með virkri þátttöku á vinnustað þeirra einstaklinga sem lifa með HIV.

39. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að efla vitund um HIV og alnæmi, þ.m.t. forvarnir og bann við mismunun, með því að veita fræðslu og upplýsingar til félagsmanna sinna. Kynjajafnrétti ætti að ríkja og taka ber tillit til menningarlegs uppruna.

#### *Menntun, þjálfun, upplýsingar og samráð*

40. Starfsmönnum, einkum farandlaunafólki, nýráðnum eða óreyndum starfsmönnum, ungum starfsmönnum og einstaklingum í þjálfun, þ.m.t. starfsnemum og lærlingum, ber að sjá fyrir þjálfun, leiðbeiningum um öryggi og öllum nauðsynlegum leiðbeiningum á vinnustaðnum sem tengjast HIV og alnæmi. Taka ber tillit til jafnréttissjónarmiða og menningarlegs uppruna við þjálfun, leiðbeiningar og ráðgjöf og einnig ber að laga það að eiginleikum starfsmanna, að teknu tilliti til áhættuþátta fyrir vinnuaflið.

Nýjustu upplýsingar á sviði vísinda- og félagshagfræði og, eftir því sem við á, menntun og þjálfun um HIV og alnæmi skulu vera aðgengilegar starfsfólki, fulltrúum stjórnenda og launafólks, í því skyni að aðstoða þá við að gera viðeigandi ráðstafanir á vinnustað.

41. Launafólk, þ.m.t. starfsnemar, lærlingar og sjálfboðaliðar, ætti að fá upplýsingar til vitundarvakningar og viðeigandi þjálfun í því að gera ráðstafanir til að verjast HIV-smiti í tengslum við slys á vinnustöðum og fyrstu hjálp. Launafólk sem starfs síns vegna er í hættu á að komast í snertingu við mannsblóð, blóðafurðir og aðra líkamsvessa

ættu að fá viðbótarþjálfun í vörnum gegn smiti, ráðstöfunum um skráningu á smiti og fyrirbyggjandi meðferð eftir útsetningu.

42. Launafólk og fulltrúar þeirra ættu að eiga rétt á því að fá upplýsingar og ráðgjöf um ráðstafanir sem eru gerðar til að hrinda í framkvæmd stefnu og áætlunum sem tengjast HIV og alnæmi. Fulltrúar launafólks og atvinnurekenda ættu að taka þátt í skoðunum á vinnustöðum í samræmi við innanlandsvenju.

#### *Opinber þjónusta*

44. Hlutverk stjórnisýslustofnana vinnumála, þ.m.t. vinnueftirlit og vinnudómstólar sem hafa með vinnumál að gera, að því er varðar viðbrögð við HIV og alnæmi, ættu að sæta endurskoðun og, ef þörf er á, vera styrkt.

45. Styrkja ætti almannaheilbrigðiskerfi og það ætti að fylgja *sameiginlegum leiðbeiningum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu og HIV/alnæmi*, 2005, og hvers kyns síðari endurskoðun þeirra, til að hjálpa til við að tryggja betri aðgang að forvarnarúrræðum, meðferðarúrræðum, umönnun og stuðningsaðgerðum, og draga úr viðbótarálagi á opinbera þjónustu, einkum á heilbrigðisstarfsmenn, af völdum HIV og alnæmis.

#### *Alþjóðleg samvinna*

46. Aðildarríki ættu að vinna saman, í krafti gagnkvæmra eða fjölþjóðasamninga, með þátttöku þeirra í alþjóðlegu kerfi þeirra eða með öðrum skilvirkum aðferðum, í því skyni að framfylgja þessum tilmælum.

47. Upprunalönd, lönd sem farið er um eða ákvörðunarlönd, ættu að gera ráðstafanir til að tryggja aðgengi að forvörnum gegn HIV, að umönnunar- og stuðningsþjónustu fyrir farandlaunafólk. Hlutaðeigandi lönd ættu að gera með sér samninga um þetta efni þegar það á við.

48. Hvetja ætti til alþjóðlegrar samvinnu milli aðildarríkja og þeirra stofnana á landsvísu sem hafa með HIV og alnæmi að gera sem og hlutaðeigandi alþjóðastofnana að fela í sér kerfisbundin skipti á upplýsingum um allar ráðstafanir sem gerðar eru til að bregðast við HIV-heimsfaraldrinum.

49. Aðildarríki og fjölþjóðastofnanir ættu að gefa sérstakan gaum að samhæfingu og nauðsynlegum úrræðum til að uppfylla þarfir allra landa, einkum þar sem sjúkdómurinn er algengur, við að þróa alþjóðleg úrræði og áætlanir til forvarna, meðferðar, umönnunar og stuðnings gegn vanda sem tengdur er HIV.

50. Aðildarríki og alþjóðastofnanir ættu að leitast við að lækka verð á vörum af öllum gerðum til forvarna, meðferðar og umönnunar vegna smitunar af völdum AIDS og annarra tilfallandi sýkinga og HIV-tengds krabbameins.

## **VI. EFTIRFYLGNI**

51. Aðildarríki ættu að koma á fót viðeigandi úrræðum eða nýta fyrirbyggjandi úrræði til að fylgjast með þróun stefnumótunar á landsvísu um HIV og alnæmi og vinnumarkaðinn, auk þess að vera til ráðgjafar um samþykkt þeirra og framkvæmd.

52. Heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks ættu að eiga trúnaðarmenn, á

jafnréttisgrunni, með þeim úrræðum sem fyrir hendi eru til að fylgjast með þróun í tengslum við innanlandsáætlunina. Auk þess ætti að hafa samráð við þessar stofnanir samkvæmt þessum úrræðum eins oft og unnt er, að teknu tilliti til álits samtaka einstaklinga sem lifa með HIV, skýrslna sérfræðinga og tæknilegra rannsókna.

53. Aðildarríki ættu, eins og við verður komið, að safna ítarlegum upplýsingum og hagtölum og beita sér fyrir rannsóknum um þróun innanlands og eftir atvinnugreinum tengdum HIV og alnæmi á vinnumarkaðnum, að teknu tilliti til kynjadreifingar og annarra þátta sem máli skipta.

54. Auk skýrslugjafarinnar samkvæmt 19. gr. stofnsamþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar má tilgreina í innanlandsskýrslum til UNAIDS, og skýrslum samkvæmt öðrum viðeigandi alþjóðlegum gerningum, endurskoðun aðgerða samkvæmt þessum tilmælum.

Framangreint er staðfestur texti tilmællanna sem voru samþykkt með viðeigandi hætti af hálfu allsherjarþings Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sem kom saman til 99. þingsetu sinnar í Genf og var formlega slitið 18. júní 2010.

Í ÞEIRRI TRÚ höfum við ritað nöfn okkar undir hana á þessum degi 18. júní 2010.

## Samþykkt nr. 189, um þjónustufólk á heimilum, 2011

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 100. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 2011 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og

gerir sér ljósa skuldbindingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að stuðla að mannsæmandi vinnu fyrir alla með því að ná markmiðum ILO-yfirlýsingarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu og ILO-yfirlýsingarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu og

viðurkennir hið mikla framlag þjónustufólks á heimilum til efnahags heimsins, þ.m.t. fjölgun atvinnutækifæra fyrir launafólk af báðum kynjum með fjölskylduábyrgð, meira svigrúm til að annast borgara sem verða sífellt eldri, börn og fatlað fólk og umtalsverðar millifærslur tekna innan og milli landa og

telur að störf þjónustufólks á heimilum séu áfram vanmetin og ósýnileg og fyrst og fremst innt af hendi af konum og stúlkum sem margar hverjar eru farandverkamenn eða íbúar afskiptra samfélaga og sem eru sérlega berskjaldaðar fyrir mismunun vegna ráðningar-skilmála og vinnu og öðrum brotum á mannréttindum og

telur einnig að í þróunarlöndum þar sem formlegar ráðningar eru fátíðar í sögulegu samhengi sé þjónustufólk á heimilum stór hluti vinnuafls á landsvísu og standi áfram mjög höllum fæti og

minnst þess að alþjóðlegar samþykktir og tilmæli á sviði vinnumála gilda um allt launafólk, þ.m.t. þjónustufólk á heimilum, nema kveðið sé á um annað og

gerir sér ljóst að eftirtaldir gerningar skipta miklu máli fyrir þjónustufólk á heimilum: samþykkt um búferlaflutninga í atvinnuskyni (endurskoðuð), 1949 (nr. 97), samþykkt um farandverkafólk (viðbótarákvæði), 1975 (nr. 143), samþykkt um starfsfólk með fjölskyldu-ábyrgð, 1981 (nr. 156), samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 181) og tilmæli um ráðningarsamband, 2006 (nr. 198) auk marghliða rammasamnings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um búferlaflutninga vinnuafls: valftjálsar meginreglur og leiðbeiningar um réttindi við búferlaflutninga í atvinnuskyni (2006) og

viðurkennir að sökum hinna sérstöku skilyrða sem einkenna störf þjónustufólks á heimilum væri æskilegt að bæta reglunum, sem gilda sérstaklega um þjónustufólk á heimilum, við almennu reglurnar svo það fái notið réttinda sinna til fulls og

minnist annarra viðeigandi alþjóðlegra gerninga, svo sem almennu mannréttindayfirlýsingarinnar og alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi, einkum bókun til þess

að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn og bókun við hann gegn smygli farandfólks á landi, sjó og í lofti, sammingsins um réttindi barnsins og alþjóðasammingsins um verndun réttinda allra farandverkamanna og aðstandenda þeirra og

hefur samþykkt ákveðnar tillögur um mannsæmandi vinnu fyrir þjónustufólk á heimilum, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi alþjóðasamþykktar,

samþykkir þingið í dag, 16. júní 2011, eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um þjónustufólk á heimilum, 2011.

#### 1. gr.

Í þessari samþykkt er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

- a) hugtakið **vinna þjónustufólks á heimilum** merkir vinna á eða í þágu heimilis eða heimila,
- b) hugtakið **þjónustufólk á heimilum** merkir einstakling sem stundar vinnu á heimilum í ráðningarsambandi og
- c) einstaklingur sem sinnir heimilisstörfum öðru hverju eða endrum og sinnum og ekki í atvinnuskyni telst ekki til þjónustufólks á heimilum.

#### 2. gr.

1. Samþykktin gildir um þjónustufólk á heimilum.

2. Aðili sem fullgildir þessa samþykkt getur, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þau sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum, undanskilið að öllu leyti eða að hluta frá gildissviði hennar:

- a) hópa launafólks sem njóta að öðru leyti a.m.k. samsvarandi verndar,
- b) afmarkaða hópa launafólks í tengslum við sérstök og veruleg vandkvæði sem kunna að koma fram.

3. Sérhvert aðildarríki, sem nýtir sér þá möguleika sem boðið er upp á í næstu málsgrein hér á undan, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, tilgreina þá hópa launafólks sem kunna að vera undanskildir frá gildissviði samþykktarinnar sem og ástæður þess og tilgreina í síðari skýrslum allar ráðstafanir sem kunna að hafa verið teknar með það í huga að víkka gildissvið samþykktarinnar þannig að hún nái til viðkomandi launafólks.

#### 3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja markvissa kynningu og vernd mannréttinda alls þjónustufólks á heimilum eins og kveðið er á um það í þessari samþykkt.

2. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar þjónustufólk á heimilum, gera þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari samþykkt til að virða, stuðla að og hrinda í framkvæmd grundvallarreglum og réttindum við vinnu, nánar tiltekið:



- a) félagafrelsi og virk viðurkenning á réttinum til aðilar að kjarasamningum,
- b) afnám hvers konar nauðungar- og skylduvinnu,
- c) afnám vinnu barna og
- d) afnám misréttis með tilliti til atvinnu eða starfa.

3. Þegar gripið er til ráðstafana til að tryggja að þjónustufólk á heimilum njóti félagafrelsis og raunverulegrar viðurkenningar á rétti til að gera kjarasamninga skulu aðilar standa vörð um rétt þjónustufólks á heimilum og atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum til að stofna og, með fyrirvara um reglur viðkomandi samtaka, til að gerast aðilar að samtökum, bandalögum og félagasamböndum að eigin vali.

#### 4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal ákveða lágmarksaldur þjónustufólks á heimilum í samræmi við ákvæði samþykktar um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138) og samþykktar um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182), og að hann sé ekki lægri en kveðið er á um í landslögum og reglugerðum sem gilda almennt um launafólk.

2. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að vinna sem innt er af hendi af þjónustufólki á heimilum, sem er undir 18 ára að aldri og yfir lágmarksaldri til að stunda atvinnu, komi ekki í veg fyrir skyldunám þess eða svipti það tækifæri til að afla sér frekari menntunar eða starfsþjálfunar.

#### 5. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólk á heimilum sé vel verndað gegn hvers konar misnotkun, einelti og ofbeldi.

#### 6. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólk á heimilum, eins og launamenn almennt, njóti sanngjarnra ráðningarskilmála sem og viðeigandi vinnuskilyrða, og ef það býr á heimilinu, mannsæmandi lífskjara og að einkalíf þess sé virt.

#### 7. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólk á heimilum sé upplýst um ráðningarskilmála með viðeigandi, sannanlegum og vel skiljanlegum hætti og helst, ef unnt er, með skriflegum samningum í samræmi við landslög, reglugerðir eða kjarasamninga, einkum hvað varðar:

- a) nafn og heimilisfang atvinnurekanda og launamannsins,
- b) heimilisfang venjulegs vinnustaðar eða vinnustaða,
- c) upphafsdagsetningu og, ef samningurinn kveður á um tiltekið tímabil, lengd þess,
- d) tegund vinnu sem fara á fram,
- e) laun, aðferð við útreikninga og tíðni greiðslna,
- f) venjulegan vinnutíma,
- g) árlegt leyfi á launum og daglegan og vikulegan hvíldartíma,
- h) fæði og húsnæði, ef við á,
- i) reynslutíma, ef við á,
- j) skilmála um heimsendingu, ef við á, og

- k) skilmála um starfslok tengd uppsögn þjónustufólks á heimilum, þ.m.t. uppsagnarfrestur bæði af hálfu þjónustufólks á heimilum og atvinnurekanda.

8. gr.

1. Í landslögum og reglugerðum skal kveðið á um að farandþjónustufólk á heimilum sem er ráðið í einu landi til þjónustu á heimilum í öðru landi fái skriflegt atvinnutilboð eða ráðningarsamning sem er aðfararhæfur í því landi sem vinna fer fram í og tekur til skilmála og ráðningarskilmála sem um getur í 7. gr., áður en farið er yfir landamæri í því skyni að hefja vinnu á heimili sem tilboðið eða samningur tekur til.
2. Ofangreind málsgrein skal ekki gilda um launamenn sem njóta frjálstrar farar í því skyni að starfa samkvæmt tvíhliða, svæðisbundnum eða marghliða samningum eða innan ramma efnahagssvæða.
3. Aðilar skulu gera ráðstafanir til þess að eiga samvinnu sín á milli til að tryggja skilvirka beitingu ákvæða þessarar samþykktar gagnvart farandþjónustufólki á heimilum.
4. Hvert aðildarríki skal tilgreina, með lögum, reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum, þau skilyrði sem veita farandþjónustufólki á heimilum rétt til heimsendingar við lok ráðningarsamnings sem það var ráðið samkvæmt.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólki á heimilum:

- a) sé frjálst að ná samkomulagi við atvinnurekanda sinn eða hugsanlegan atvinnurekanda um að búa á heimilinu,
- b) sem býr á heimilum sé ekki skylt að dvelja á heimilinu eða með heimilisfólki á daglegum og vikulegum hvíldartímum eða í árlegu orlofi og
- c) sé tryggður réttur til að hafa í förum sínum vegabréf sín og persónuskilríki.

10. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja jafnræði milli þjónustufólks á heimilum og almenns launafólks í tengslum við venjulegan vinnutíma, yfirvinnugreiðslur, daglegan og vikulegan hvíldartíma og launað árlegt leyfi, og að þetta sé í samræmi við landslög, reglugerðir eða kjarasamninga, að teknu tilliti til sérstöðu starfa á heimilum.
2. Vikulegur hvíldartími skal vera að minnsta kosti 24 samfelldar klukkustundir.
3. Það tímabil sem þjónustufólki á heimilum er ekki frjálst að ráðstafa tíma sínum eftir eigin höfði, sökum þess að það er tiltækt heimilisfólkinu til þess að bregðast við hugsanlegri kvaðningu, skal teljast til vinnutíma að því marki sem kveðið er á um í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum, eða öðrum hætti í samræmi við venju í landinu.

11. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólk á heimilum njóti lágmarkstekjutryggingar, ef slík tekjutrygging er við lýði, og að þóknuninni sé komið á án mismununar á grundvelli kynferðis.

#### 12. gr.

1. Þjónustufólk á heimilum skal fá laun sín greidd beint í reiðufé með reglulegu millibili að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Launagreiðslan getur farið fram í formi bankamillifærslu, bankaávísunar, póstávísunar eða með öðrum lögmætum peningalegum greiðslum, með samþykki hlutaðeigandi launamanns, nema kveðið sé á um annað í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum.

2. Landslög, reglugerðir, kjarasamningar eða gerðardómar kunna að kveða á um greiðslu takmarkaðs hluta þóknunar þjónustufólks á heimilum í formi greiðslna í fríðu sem eru ekki lakari en þær sem almennt gildir um aðra hópa launafólks, að því tilskildu að gripið sé til ráðstafana til að tryggja að slíkar greiðslur í fríðu séu með samþykki launamanns, séu til persónulegra nota og í þágu launamanns og að peningalegt gildi þeirra sé sanngjarnt og réttmætt.

#### 13. gr.

1. Sérhver launamaður sem sinnir þjónustustörfum á heimili á rétt á öruggu og heilbrigðu vinnuumhverfi. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur, gera virkar ráðstafanir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstöðu þjónustustarfa á heimilum, til að tryggja öryggi og heilbrigði þjónustufólks á heimilum.

2. Grípa má til þeirra ráðstafana sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, í áföngum í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, og ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þau sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum.

#### 14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstöðu þjónustustarfa á heimilum, til að tryggja að þjónustufólk á heimilum njóti ekki lakari kjara en þeirra sem almennt gilda um aðra hópa launafólks hvað varðar almannatryggingavernd, þ.m.t. fæðingarorlof.

2. Grípa má til þeirra ráðstafana sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, í áföngum í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, og ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þau sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum.

#### 15. gr.

1. Til að tryggja vernd þjónustufólks á heimilum, þ.m.t. farandþjónustufólk sem starfar á heimilum, sem er skráð eða ráðið af einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum, gegn misnotkun skal hvert aðildarríki:

- a) ákvarða skilyrðin sem gilda um rekstur einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa sem skrá eða ráða þjónustufólk á heimilum í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur,
- b) tryggja að fullnægjandi kerfi og verklagsreglur séu fyrir hendi til að rannsaka kvartanir, meinta misnotkun og sviksamlegar athafnir í starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa í tengslum við þjónustufólk á heimilum,
- c) gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir innan lögsögu þess og, þar sem við á, í samvinnu við önnur aðildarríki, til að veita nægilega vernd og koma í veg

fyrir misnotkun þjónustufólks á heimilum sem ráðið er eða skráð á yferráðasvæði þess fyrir tilstilli einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa. Þetta skal fela í sér setningu laga eða reglugerða sem tiltaka viðeigandi skuldbindingar einkarekinnar ráðningarskrifstofu og heimilisins gagnvart þjónustufólki á heimilum og kveða á um viðurlög, þ.m.t. að banna rekstur þeirra einkareknu vinnumiðlunarskrifstofa sem stunda sviksamlegar athafnir og misnotkun,

- d) íhuga, í þeim tilvikum að þjónustufólk á heimilum er ráðið í einu landi til að starfa í öðru, að gera tvíhliða, svæðisbundna eða marghliða samninga til að koma í veg fyrir misnotkun og sviksamlegar athafnir við nýliðun, ráðningu og í vinnu og
- e) gera ráðstafanir til að tryggja að gjald einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa sé ekki tekið af launum þjónustufólks á heimilum.

2. Þegar ákvæðum þessarar greinar er hrint í framkvæmt skal hvert aðildarríki hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, og ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum.

#### 16. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja, í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur, að allt þjónustufólk á heimilum, ýmist sjálft eða fyrir milligöngu fulltrúa, hafi skilvirkan aðgang að dómstólum, gerðardómum eða öðrum úrræðum til að leysa ágreiningsmál samkvæmt skilyrðum sem eru ekki lakari en eru í boði fyrir launafólk almennt.

#### 17. gr.

1. Hvert aðildarríki skal koma á skilvirkum og aðgengilegum úrræðum fyrir kvartanir og aðferðum til að tryggja samræmi við innlend lög og reglugerðir um verndun þjónustufólks á heimilum.

2. Hvert aðildarríki skal móta og framkvæma ráðstafanir um vinnueftirlit, framkvæmd og viðurlög, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstöðu þjónustustarfa á heimilum, í samræmi við landslög og reglugerðir.

3. Að svo miklu leyti sem slíkar ráðstafanir samrýmast landslögum og reglugerðum skulu þær tilgreina þau skilyrði sem kunna að heimila aðgang að húsnæði, með tilhlýðilegri virðingu fyrir friðhelgi einkalífsins.

#### 18. gr.

Hvert aðildarríki skal hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktar þessarar, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, með lögum og reglugerðum, sem og með kjarasamningum, eða öðrum hætti í samræmi við vinnu í landinu, með því að færa út eða aðlaga núverandi ráðstafanir svo þær nái til þjónustufólks á heimilum eða með því að þróa sértækar ráðstafanir þeim til handa, eftir því sem við á.

#### 19. gr.

Samþykkt þessi hefur ekki áhrif á hagstæðari ákvæði sem gilda um þjónustufólk á heimilum samkvæmt öðrum alþjóðavinnuálagssamþykktum.

20. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

21. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

22. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrir en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp á fyrsta ári hvers nýs tíu ára tímabils í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

23. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgild-ingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

24. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgild-ingar og uppsagnir sem skráðar eru hjá forstjóranum.

25. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

26. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt sjálfkrafa hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 22. gr., ef hin nýja endurskoðuða samþykkt öðlast gildi og frá þeim tíma þegar það gerist,
- b) aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðuða samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

27. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

## Tilmæli nr. 201, um þjónustufólk á heimilum, 2011

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar,

er kom saman til 100. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 2011 eftir kvaðningu stjórnar-  
nefndar alþjóðavinnuárástofnunar og

hefur afgreitt samþykkt um þjónustufólk á heimilum, 2011 og

hefur samþykkt ákveðnar tillögur um mannsæmandi vinnu fyrir þjónustufólk á heimilum  
sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla til viðbótar við samþykkt um  
þjónustufólk á heimilum, 2011,

samþykkir þingið í dag, 16. júní 2011, eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu til-  
mæli um þjónustufólk á heimilum, 2011.

1. Ákvæði þessara tilmæla koma til viðbótar ákvæðum samþykktar um þjónustufólk á  
heimilum, 2011 (samþykktin) og ber að hafa til hliðsjónar þeim.

2. Þegar gripið er til ráðstafana til að tryggja að þjónustufólk á heimilum njóti félagafrelsis  
og raunverulegrar viðurkenningar á rétti til að gera kjarasamninga ættu aðilar:

- a) að greina og koma í veg fyrir hvers kyns takmarkanir á lagasetningu eða stjórn-  
sýslu eða aðra skerðingu á rétti þjónustufólks á heimilum til að stofna eigin  
samtök eða að gerast aðilar að samtökum launafólks að eigin vali og rétti samtaka  
þjónustufólks á heimilum til að gerast aðilar að samtökum, bandalögum og  
samböndum launafólks,
- b) að hugleiða að grípa til ráðstafana eða styðja aðgerðir til að styrkja stöðu samtaka  
launafólks og atvinnurekenda, samtaka sem koma fram fyrir hönd þjónustufólks á  
heimilum og þeirra sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á  
heimilum, til að gæta hagsmuna félagsmanna sinna með virkum hætti, að því  
tilskildu að sjálfstæði og sjálfsforræði slíkra samtaka sé ætíð lögvarið.

3. Þegar gripið er til ráðstafana til að uppræta mismunun vegna atvinnu og starfa ættu aðilar,  
í samræmi við alþjóðlegar reglur á sviði vinnuáála, meðal annars:

- a) að ganga úr skugga um að við starfstengdar læknisskoðanir sé meginreglan sú að  
trúnaði sé gætt við meðferð persónuupplýsinga, að einkalíf þjónustufólks á  
heimilum sé tryggt og að slíkt sé í samræmi við verklagsreglur Alþjóðavinnu-  
árástofnunarinnar um vernd persónuupplýsinga launafólks, 1997, og aðrar  
alþjóðlegar reglur um vernd persónuupplýsinga,
- b) að koma í veg fyrir hvers kyns mismunun sem varðar slíkar prófanir og
- c) að tryggja að þjónustufólk á heimilum þurfi hvorki að gangast undir HIV-próf,  
HIV-þungunarpróf né að opinbera HIV- eða þungunarstöðu.

4. Aðilar sem hafa til athugunar læknisskoðanir fyrir þjónustufólk á heimilum ættu að íhuga:
- a) að auka aðgengi heimilisfólks og þjónustufólks á heimilum að lýðheilsuupplýsingum um ýmis álitamál tengd heilbrigði og sjúkdómum sem gefa tilefni til nauðsynlegra læknisskoðana með tilliti til aðstæðna í hverju landi,
  - b) að veita heimilisfólki og þjónustufólki á heimilum upplýsingar um valfrjálsar læknisskoðanir, læknishjálp og góðar heilbrigðis- og hreinlætisvenjur sem eru í samræmi við opinber framtaksverkefni í þágu alls samfélagsins og
  - c) að dreifa upplýsingum um bestu starfsvenjur við starfstengdar læknisskoðanir sem eru aðlagðar með viðunnandi hætti þannig að þær endurspegli þá sérstöðu sem felst í heimilisstörfum.

5.

1) Að teknu tilliti til ákvæða samþykktar um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182) og tilmæla (nr. 190), ættu aðilar að skilgreina það form heimilisstarfa sem, með tilliti til þeirra aðstæðna þar sem þau fara fram, eru líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna, og ættu einnig að banna og útrýma slíkri barnavinnu.

2) Þegar reglur eru settar um starfsskilyrði og líf skjör þjónustufólks á heimilum ættu aðilar að gefa sérstakan gaum að þörfum þjónustufólks á heimilum sem er undir 18 ára að aldri og yfir lágmarksaldri til að stunda atvinnu eins og skilgreint er í landslögum og reglum og gera ráðstafanir að vernda það, þ.m.t. með því:

- a) að hafa ströng mörk um vinnutíma þeirra til að tryggja nægan hvíldartíma, tíma til menntunar og þjálfunar, tómsundaiðkunar og fjölskyldutengsla,
- b) að banna næturvinnu,
- c) að takmarka vinnu sem er allt of krefjandi, hvort sem er líkamlega eða andlega og
- d) að koma á fót eða efla kerfi til að fylgjast með starfs- og líf skjörum þess.

6.

1) Aðilar ættu að veita viðeigandi aðstoð, þegar þörf krefur, til að tryggja að þjónustufólk á heimilum skilji ráðningarskilmála sína.

2) Til viðbótar þeim atriðum sem tilgreind eru í 7. gr. samþykktarinnar, ættu ráðningarskilmálar einnig að fela í sér:

- a) starfslýsingu,
- b) veikindaleyfi og, ef við á, önnur persónuleg leyfi,
- c) fjárhæð launa eða greiðslna fyrir yfirvinnu og tíma á bakvakt í samræmi við 3. mgr. 10. gr. samþykktarinnar,
- d) hvers kyns aðrar greiðslur sem þjónustufólk á heimilum á rétt á,
- e) greiðslur í fríðu og peningalegt gildi þeirra,
- f) upplýsingar um allt húsnæði sem í boði er og
- g) hvers kyns heimild til frádráttar frá launum launamannsins.

3) Aðilar ættu að íhuga að setja upp fyrirmynd ráðningarsamnings þjónustufólks á heimilum, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum.



4) Fyrirmynd ráðningarsamningsins ætti ávallt að vera tiltæk án endurgjalds fyrir þjónustufólk á heimilum, atvinnurekendur, heildarsamtök og almenning.

7. Aðilar ættu að íhuga að koma á kerfi til að vernda þjónustufólk á heimilum fyrir misnotkun, einelti og ofbeldi, svo sem með því:

- a) að koma á aðgengilegu kvörtunarferli fyrir þjónustufólk á heimilum til að tilkynna tilfalli misnotkunar, eineltis og ofbeldis,
- b) að tryggja að allar kvartanir um misnotkun, einelti og ofbeldi séu rannsakaðar og gerendur lögsóttir ef við á og
- c) að komið sé á fót áætlunum um flutning frá heimili og endurhæfingu þjónustufólks á heimilum sem sætir misnotkun, einelti og ofbeldi, þ.m.t. að sjá því fyrir tímabundnu húsnæði og heilsugæslu.

8.

1) Vinnutíma, þ.m.t. yfirvinna og tími á bakvakt í samræmi við 3. mgr. 10. gr. samþykktarinnar, ætti að skrá nákvæmlega og þessar upplýsingar ættu að vera greiðlega aðgengilegar fyrir þjónustufólk á heimilum.

2. Aðilar ættu að íhuga að semja hagnýtar leiðbeiningar í þessu skyni, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum.

9.

1) Að því er varðar tímabil sem þjónustufólki á heimilum er ekki frjálst að ráðstafa tíma sínum að vild sökum þess að því ber að vera heimilinu tiltækt til þess að bregðast við hugsanlegri kvaðningu (tími viðbragðsstöðu) ættu aðilar, að því marki sem kveðið er á um í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum, að setja reglur:

- a) um hámarksfjölda vinnustunda á viku, mánuði eða ári þegar þjónustufólk á heimilum gæti þurft að vera í viðbragðsstöðu og aðferðir við að mæla þær,
- b) um viðbótarhvíldartíma sem þjónustufólk á heimilum á rétt á ef venjulegur hvíldartími er rofinn með tíma í viðbragðsstöðu og
- c) um fjárhæð greiðslu fyrir tíma í viðbragðsstöðu.

2) Hvað varðar þjónustufólk á heimilum sem sinnir skyldustörfum að nóttu til, og að teknu tilliti til þess álags sem næturvinna hefur í för með sér, ættu aðilar að íhuga ráðstafanir sambærilegar við þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. 9. greinar.

10. Aðilar ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustufólk á heimilum eigi rétt á viðeigandi hvíldartíma yfir vinnudaginn þar sem gert er ráð fyrir máltíðum og hléum sem tekin eru.

11.

1) Vikulegur hvíldartími ætti að vera 24 samfelldar klukkustundir hið minnsta.

2) Ákvarða ætti fastan vikulegan hvíldardag með samkomulagi aðila, í samræmi við landslög, reglugerðir eða kjarasamninga, að teknu tilliti til aðkallandi vinnu og menningarlegra-, trúarlegra- og félagslegra krafna þjónustufólks á heimilum.

3) Kveði landslög, reglugerðir eða kjarasamningar á um vikulega hvíld sem safnað er á lengri tíma en sjö dögum fyrir almenna launþega ætti umrætt tímabil ekki að vera lengra en 14 dagar að því er varðar þjónustufólk á heimilum.

12. Skilgreina ætti í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum þær ástæður sem liggja að baki því að skylda megi þjónustufólk á heimilum til að vinna á þeim tíma sem telst til daglegs eða vikulegs hvíldartíma og kveða á um fullnægjandi viðbótarhvíldartíma, óháð hvers kyns fjárhagslegum greiðslum.

13. Tíminn sem þjónustufólk á heimilum ver í að fylgja heimilisfólki í orlofi ætti ekki að teljast hluti af árlegu launuðu orlofi þess.

14. Ef kveðið er á um greiðslu í fríðu, sem takmarkaðan hluta launa, ættu aðilar að íhuga:

- a) að skilgreina hámarkshlutfall launa sem heimilt er að greiða í fríðu svo nauðsynlegar tekjur til framfærslu þjónustufólks á heimilum og fjölskyldna þeirra verði ekki skertar um of,
- b) að reikna út peningalegt verðmæti greiðslna í fríðu með vísan til hlutlægra viðmiðana, svo sem markaðsverðs, kostnaðarverðs eða verðs sem stjórnvöld fastsetja, eftir því sem við á,
- c) að takmarka greiðslur í fríðu við það sem þjónustufólk á heimilum nýtur sannarlega góðs af til eigin þarfa, svo sem fæði og húsnæði,
- d) að tryggja að þegar þjónustufólk á heimilum þarf að búa í húsnæði sem heimilisfólk útvegur má ekki draga af launum þess í tengslum við þetta húsnæði, nema um annað sé samið við þjónustufólkið og
- e) að tryggja að munir sem tengjast beint vinnu við heimilisstörf, svo sem einkennisbúningar, verkfæri eða hlífðarbúnaður og þrif þessara muna og viðhald, teljist ekki til greiðslu í fríðu og kostnaður við þá verði ekki dreginn frá launum þjónustufólks á heimilum.

15.

1) Þjónustufólk á heimilum ætti við móttöku hvernar greiðslu að fá í hendur vel skiljanlegt skriflegt yfirlit yfir heildarlaun sem því ber og tiltekna fjárhæð og skýringu á hvers kyns frádrætti sem kann að hafa farið fram.

2) Við starfslok ætti að gera upp öll ógreidd laun án tafar.

16. Aðilar ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að kjör þjónustufólks á heimilum séu ekki lakari en þau sem aðrir almennir hópar launafólks njóta hvað varðar vernd krafna launamanna við hugsanlegt gjaldþrot atvinnurekandans eða lát hans.

17. Þegar séð er fyrir fæði og húsnæði ætti það að fela í sér eftirfarandi, að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu:

- a) sérstakt einkaherbergi sem er búið viðeigandi húsgögnum, nægilegri loftræstingu, að það sé læsanlegt og að þjónustufólkið á heimilinu hafi lykilmann til umráða,
- b) aðgang að viðeigandi salernisaðstöðu, sameiginlegri eða til einkanota,
- c) fullnægjandi lýsingu og, eftir atvikum, hita og loftkælingu í samræmi við ríkjandi aðstæður innan heimilisins og

- d) máltíðir af fullnægjandi gæðum og í nægilegu magni, lagaðar eins og unnt er að menningarlegum og trúarlegu kröfum, ef einhverjar eru, þjónustufólks á heimilum.

18. Komi til starfsloka að frumkvæði atvinnurekanda, af öðrum ástæðum en þeim að um sé að ræða alvarlegt misferli, ætti að veita þjónustufólki sem býr inni á heimilum hæfilegan frest og frí á þeim tíma til að gera því kleift að leita nýrrar atvinnu og húsnæðis.

19. Aðilar ættu að grípa til ráðstafana, í samráði við heildarsamtök atvinnurekanda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekanda þjónustufólks á heimilum, svo sem:

- a) að vernda starfsmenn með því að útiloka eða draga úr, svo sem við verður komið, vinnutengdum hættum og áhættu á vinnustað í því skyni að koma í veg fyrir vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll og efla öryggi og heilbrigði á vinnustað heimilisins,
- b) að kveða á um viðeigandi kerfi eftirlits, í samræmi við 17. gr. samþykktarinnar, og hæfileg viðurlög við brotum gegn ákvæðum laga og reglugerða um öryggi og heilbrigði við vinnu,
- c) að koma á málsmeðferð til að safna og birta almennar hagtölur um slys og sjúkdóma sem tengjast heimilisstörfum og aðrar hagtölur sem taldar eru geta stuðlað að því að koma í veg fyrir áhættu tengda öryggi og heilbrigði við vinnu,
- d) að veita ráðgjöf um öryggi og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. um þætti tengda vinnuvistfræði, hlífðarbúnaði og
- e) að gera starfsþjálfunaráætlanir og miðla leiðbeiningum um öryggi og hollustu-hætti í tengslum við heimilisstörf.

20.

1) Aðilar ættu að íhuga, í samræmi við landslög og reglugerðir, að auðvelda greiðslu almannatryggingagjalda, þ.m.t. ef þjónustufólk á heimilum starfar fyrir marga atvinnurekendur, til dæmis með einfölduðu greiðslufyrirkomulagi.

2) Aðilar ættu að íhuga að gera tvíhliða, svæðisbundna eða marghliða samninga til að tryggja farandþjónustufólki á heimilum, sem fellur undir slíka samninga, jafna meðferð að því er varðar almannatryggingar sem og að réttindi þess til almannatrygginga séu viðvarandi og flytjist með því milli staða.

3) Skoða ætti peningalegt verðmæti greiðslna í fríðu með hliðsjón af almannatryggingum, þ.m.t. að því er varðar framlag atvinnurekanda og réttindi þjónustufólks á heimilum.

21. 1) Aðilar ættu að íhuga frekari ráðstafanir til að tryggja skilvirka vernd þjónustufólks á heimilum, einkum farandþjónustufólks á heimilum, svo sem:

- a) að koma á fót beinu símasambandi á landsvísu við túlkaþjónustu fyrir þjónustufólk á heimilum ef aðstoðar er þörf,
- b) að kveða á um, í samræmi við 17. gr. samþykktarinnar, kerfi um heimsóknir fyrir ráðningu til heimila þar sem farandþjónustufólk á heimilum á að starfa,
- c) að koma á neti til að sjá fyrir húsnæði í neyðartilvikum,
- d) að efla vitund atvinnurekanda hvað varðar skyldur sínar um að veita upplýsingar um góða starfshætti við ráðningu þjónustufólks á heimilum, skyldur sem kveðið

- er á um í atvinnu- og innflytjendalöggjöf hvað varðar farandþjónustufólk á heimilum, ráðstafanir um fullnustu og viðurlög við brotum og aðstoðarþjónustu í boði fyrir þjónustufólk á heimilum ásamt atvinnurekendum þeirra,
- e) að tryggja aðgengi þjónustufólks á heimilum að kvörtunarúrræðum og að leita úrræða á sviði einkaréttar og refsiréttar, bæði meðan á ráðningu stendur og eftir að ráðningu líkur, óháð brottför frá viðkomandi landi og
  - f) að veita þá þjónustu að tilkynna þjónustufólki á heimilum, á tungumálum sem það skilur, um réttindi þess, um viðeigandi lög og reglugerðir, um þau kvörtunar- og réttarúrræði sem því stendur til boða um bæði atvinnu- og innflytjendalöggjöf og réttarvernd gegn glæpum svo sem ofbeldisglæpum, mansali og frelsissviptingu, og að veita aðrar viðeigandi upplýsingar sem það kann að hafa þörf fyrir.

2) Aðilar upprunalanda erlends farandþjónustufólks á heimilum ættu að aðstoða með virkum hætti við að vernda réttindi þessa launafólks með því að upplýsa það um rétt þess fyrir brottför, stofna sjóði um lögfræðilega aðstoð, félagslega þjónustu og sérhæfða ræðismannsþjónustu og með öðrum viðeigandi ráðstöfunum.

22. Aðilar ættu, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum, að íhuga að skilgreina með lögum, reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum, þau skilyrði sem veita farandþjónustufólki á heimilum rétt til heimsendingar sér að kostnaðarlausu við lok þess ráðningarsamnings sem það var ráðið samkvæmt.

23. Aðilar ættu að stuðla að góðum starfsvenjum einkarekinna ráðningarskrifstofa í tengslum við þjónustufólk á heimilum, þ.m.t. farandþjónustufólk á heimilum, að teknu tilliti til meginreglna og aðferða sem kveðið er á um í samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 181) og í tilmælum um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 188).

24. Aðilar kunna að vilja skoða hvaða skilyrði gætu verið fyrir því að vinnueftirlitsmenn eða aðrir embættismenn, sem falið er að framfylgja ákvæðum sem gilda um störf þjónustufólks á heimilum, komi inn í húsnæði þar sem vinna fer fram, svo framarlega sem slíkt samrýmist landslögum og venju um virðingu fyrir friðhelgi einkalífsins.

25. 1) Aðilar ættu að grípa til ráðstafana, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum, um að marka stefnu og gera áætlanir sem miða að því:

- a) að hvetja til áframhaldandi þróunar á færni og hæfni þjónustufólks á heimilum, þ.m.t. lestrarþjálfun eftir því sem við á, í því skyni að auka faglegar framfarir þess og fjölga atvinnutækifærum,
- b) að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs þjónustufólks á heimilum og
- c) að tryggja að tekið sé tillit til áhyggna og réttinda þjónustufólks á heimilum í tengslum við almenna viðleitni til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

2) Aðilar ættu, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og, ef þau eru fyrir hendi, við samtök fulltrúa þjónustufólks á heimilum og þá aðila sem koma fram fyrir hönd atvinnurekenda þjónustufólks á heimilum, að þróa viðeigandi hagræða og

mælikerfi til að auka getu hagstofa á landsvísu til að safna gögnum sem þarf til að styðja við skilvirka stefnumótun um störf þjónustufólks á heimilum.

26.

1) Aðilar ættu að íhuga samstarf sín á milli til að tryggja að samþykkt um þjónustufólk á heimilum, 2011 og þessi tilmæli taki með virkum hætti til farandþjónustufólks á heimilum.

2) Aðilar ættu að eiga með sér tvíhliða og svæðisbundið samstarf og starfa saman á heimsvísu í því skyni að auka vernd þjónustufólks á heimilum, einkum hvað varðar varnir gegn nauðungarvinnu og mansali, aðgang að almannatryggingum, eftirlit með starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa sem hafa milligöngu um ráðningu þjónustufólks á heimilum í öðru landi, miðla góðum starfsvenjum og samantekt hagtalna um þjónustustörf á heimilum.

3) Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða hver annan við að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd með aukinni alþjóðlegri samvinnu eða aðstoð, eða hvoru tveggja, þar á meðal með stuðningi við félagslega og efnahagslega þróun, áætlunum um afnám fátæktar sem og menntun handa öllum.

4) Í tengslum við friðhelgi ættu aðilar að íhuga:

- a) að marka stefnu og setja siðareglur fyrir stjórnarerindreka sem miða að því að koma í veg fyrir brot gegn rétti þjónustufólks á heimilum og
- b) að eiga með sér tvíhliða og svæðisbundið samstarf og starfa saman á heimsvísu í því skyni að taka á og koma í veg fyrir hrottafengið atferli gagnvart þjónustufólki á heimilum.

*Endurskoðuð skrá yfir atvinnusjúkdóma*

Á 90. Alþjóðavinnuálagningu árið 2002 voru afgreidd tilmæli til aðildarríkjanna um að halda skrá yfir atvinnusjúkdóma. Eldri skrá yfir atvinnusjúkdóma var að finna í bókun við samþykkt nr. 155 frá árinu 1981, um vinnuöryggi og heilsuvernd. Af afgreiðslu 90. Alþjóðavinnuálagningarsins leiðir að skrá yfir atvinnusjúkdóma er að formi til gefið aukið vægi með því að gera hana að sjálfstæðu skjali, þ.e. tilmælum nr. 194. Samkvæmt 3. gr. tilmælanna er gert ráð fyrir að fram fari regluleg endurskoðun á skránni yfir atvinnusjúkdóma í samráði við fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Tillögu að endurskoðaðri skrá skal leggja fyrir stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagningarfundar til samþykktar. Stjórnarnefndin afgreiddi í fyrsta skipti á grundvelli tilmæla nr. 194 endurskoðaða skrá yfir atvinnusjúkdóma á 307. fundi sínum í mars 2010. Nokkur breyting hefur orðið á framsetningunni sem vert er að nefna. Heitið endurspeglar betur en áður sjúkdóminn og orsök hans. Hún tekur þannig mið af vinnubrögðum heilbrigðisstétta. Einnig hefur verið bætt við nýjum kafla um geðsjúkdóma. Skráin er birt hér sem viðauki II. Í viðauka I eru birt til hægðarauka tilmæli nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma frá árinu 2002.

*Viðauki I*

**Tilmæli nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, 2002**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagningarfundarinnar, sem kom saman til 90. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 2002, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálagningarfundar, minnst ákvæða samþykktarinnar og tilmælanna um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 og samþykktarinnar og tilmælanna um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985, og

bendir enn fremur á skrána, fyrir atvinnutengda sjúkdóma með áorðnum breytingum 1980, sem látin var fylgja samþykktinni um bætur vegna slysa við vinnu, 1964 og

með vísan til nauðsynjar þess að styrkja skráningar- og tilkynningarferli fyrir atvinnutengd slys og sjúkdóma, með það að markmiði að bera kennsl á orsakir þeirra, koma á fyrirbyggjandi aðferðum, stuðla að samræmingu skráningar- og tilkynningarkerfa, og að bæta bótaferlið að því er varðar atvinnutengd slys og atvinnutengda sjúkdóma og

með vísan til nauðsynjarinnar á einfaldara ferli til þess að uppfæra skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma og

þar eð þingið hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar er snerta skráningu og tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, og reglulega endurskoðun og uppfærslu á skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, sem er fimmta atriðið á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tilmæla samþykkir þingið í dag, 20. júní 2002, eftirfarandi tilmæli sem nefna má tillögu um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, 2002.

1. Þegar sett eru upp endurskoðuð og notuð kerfi til skráningar og tilkynningar atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, ber til þess bæru stjórnvaldi að taka mið af vinnureglunum frá 1966 varðandi skráningu og tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, svo og annarra leiðbeiningarreglna eða viðmiðana varðandi þetta, sem samþykktar verða síðar meir af hálfu Alþjóðavinnuálagningarfundarinnar.

2. Til þess bæru stjórnvaldi ber að koma upp skrá á landsvísu yfir atvinnutengda sjúkdóma í því skyni að fyrirbyggja þá, skrá, tilkynna og, sé um það að ræða, greiða bætur og ber að hafa um þetta samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, beita þeim aðferðum er best hæfa aðstæðum og venjum í landinu og vinna verkið í áföngum eftir því sem nauðsynkrefur. Þessi skrá ætti:

- a. í forvarnar-, skráningar-, tilkynningar og bótagreiðsluskyni, að taka til a.m.k. þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í viðauka 1 samþykktarinnar um bætur vegna slysa við vinnu, 1964, með áorðnum breytingum 1980,
- b. taka til, að því marki sem kostur er, annarra sjúkdóma sem eru á skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma sem fylgir tilmælum þessum í viðauka, og
- c. taka til, að því marki sem kostur er, kafla er beri heitið „hugsanlegir atvinnusjúkdómar“.

3. Skrána sem fylgir þessum tilmælum í viðauka ætti að endurskoða reglulega og uppfæra á fundum með þátttöku fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna sem stjórnarnefnd alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofunnar boðar til. Allar nýjar skrár, sem þannig verða til, skal leggja fyrir stjórnarnefndina til samþykktar og þegar þær hafa verið samþykktar skulu þær koma í stað fyrri skráa og þá sendar aðildarríkjum Alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofunnarinnar.

4. Landsskrár um atvinnutengda sjúkdóma ætti að endurskoða og uppfæra að teknu tilliti til síðustu listauppfærslu samkvæmt 3. grein hér að ofan.

5. Aðildarríkin skulu senda landsskrá sína yfir atvinnutengda sjúkdóma til alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofunnar þegar er þær hafa verið gerðar eða endurskoðaðar í því skyni að auðvelda reglulega endurskoðun og uppfærslu skrárinnar um atvinnutengda sjúkdóma sem fylgir tilmælum þessum í viðauka.

6. Aðildarríkin skulu árlega láta alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofnunni í té hagtölur um atvinnutengd slys og sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik og slys á leið til eða úr vinnu, í því skyni að auðvelda skipti á slíkum upplýsingum og samanburð þeirra á alþjóðavísu.

## *Viðauki II*

### **Endurskoðuð skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma afgreidd af 307. fundi stjórnarnefndar alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofunnar í mars 2010**

1. Sjúkdómar sem eiga rætur að rekja til tiltekinna orsakavalda.

- 1.1. Sjúkdómar af völdum tiltekinna efna eða efnafræðilegra sambanda.
  - 1.1.1. Sjúkdómar af völdum beryllíns eða efnasambanda þess.
  - 1.1.2. Sjúkdómar af völdum kadmíums eða efnasambanda þess.
  - 1.1.3. Sjúkdómar af völdum fosfórs eða efnasambanda þess.
  - 1.1.4. Sjúkdómar af völdum króms eða efnasambanda þess.
  - 1.1.5. Sjúkdómar af völdum mangans eða efnasambanda þess.
  - 1.1.6. Sjúkdómar af völdum arsens/arseniks eða efnasambanda þess.
  - 1.1.7. Sjúkdómar af völdum kvikasilfurs eða efnasambanda þess.
  - 1.1.8. Sjúkdómar af völdum blýs eða efnasambanda þess.

- 1.1.9. Sjúkdómar af völdum flúors eða efnasambanda þess.
- 1.1.10. Sjúkdómar af völdum koldísúlfíðs.
- 1.1.11. Sjúkdómar af völdum halógen-afleiða alífatískra eða arómatískra kolvatns efna.
- 1.1.12. Sjúkdómar af völdum bensen eða samsvarandi efna.
- 1.1.13. Sjúkdómar af völdum nítró- og amínó-afleiða benzens eða samsvarandi efna.
- 1.1.14. Sjúkdómar af völdum nítróglusseríns eða annarra estera saltpéturssýru.
- 1.1.15. Sjúkdómar af völdum alkóhóla, etýlenglýkóla eða ketóna.
- 1.1.16. Sjúkdómar af völdum kæfandi efna/köfnunarvalda: kolmónoxíðs, blásýra eða afleiða hennar eða brennisteins-vetnis.
- 1.1.17. Sjúkdómar af völdum akrílnítríls.
- 1.1.18. Sjúkdómar af völdum nitroxíða.
- 1.1.19. Sjúkdómar af völdum vanadíns eða efnasambanda þess.
- 1.1.20. Sjúkdómar af völdum antímóns eða efnasambanda þess.
- 1.1.21. Sjúkdómar af völdum hexans/hexana.
- 1.1.22. Sjúkdómar af völdum ólífrænna sýra.
- 1.1.23. Sjúkdómar af völdum lyfja.
- 1.1.24. Sjúkdómar af völdum nikkels eða efnasambanda þess
- 1.1.25. Sjúkdómar af völdum þallíns eða efnasambanda þess.
- 1.1.26. Sjúkdómar af völdum osmíns eða efnasambanda þess.
- 1.1.27. Sjúkdómar af völdum selens eða efnasambanda þess.
- 1.1.28. Sjúkdómar af völdum kopars eða efnasambanda hans.
- 1.1.29. Sjúkdómar af völdum platíníum eða efnasambanda þess
- 1.1.30. Sjúkdómar af völdum tins eða efnasambanda þess.
- 1.1.31. Sjúkdómar af völdum sinks eða efnasambanda þess.
- 1.1.32. Sjúkdómar af völdum fosgens.
- 1.1.33. Sjúkdómar af völdum ertandi efna: bensókínóns og annarra hornhimnuertiefna.
- 1.1.34. Sjúkdómar af völdum ammóníaka.
- 1.1.35. Sjúkdómar af völdum ísósýanata.
- 1.1.36. Sjúkdómar af völdum skordýraeiturs.
- 1.1.37. Sjúkdómar af völdum brennisteins oxíðs.
- 1.1.38. Sjúkdómar af völdum lífrænna leysiefna.
- 1.1.39. Sjúkdómar af völdum latex eða vara sem innihalda latex.
- 1.1.40. Sjúkdómar völdum klórs.
- 1.1.41. Sjúkdómar af völdum annarra kemískra efna sem vera kann og ekki eru upp talin í greinum 1 hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns við þessi efni og sjúkdóma sem hann fær.

## 1.2. Sjúkdómar af völdum eðlisfræðilegra orsakavalda.

- 1.2.1. Heyrnarskerðing af völdum hávaða.
- 1.2.2. Sjúkdómar af völdum titrings (truflanir á starfsemi vöðva, sina, beina, liðamóta, útlægra æða og tauga).
- 1.2.3. Sjúkdómar af völdum vinnu við breyttan loftþrýsting.
- 1.2.4. Sjúkdómar af völdum jónandi geislunar.
- 1.2.5. Sjúkdómar af völdum ljósgeislunar (útfjólublátt, sýnilegs ljós, infrarauðu) þ.m.t. leiser
- 1.2.6. Sjúkdómar af völdum hitaöfga.



- 1.2.7. Sjúkdómar af völdum hvaða annarra eðlisfræðilegra orsakavalda sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns og eðlisfræðilegs orsakavalds og sjúkdóma sem hann fær.

### 1.3. Sjúkdómar af völdum líffræðilegra/lífrænna orsakavalda.

- 1.3.1. Öldusótt.
- 1.3.2. Lifrabólgur af völdum veira.
- 1.3.3. Eyðni veiru.
- 1.3.4. Stífkrampi.
- 1.3.5. Berklar.
- 1.3.6. Hitasóttar og bólguheilkenni tengd sýklum og sveppum.
- 1.3.7. Miltisbrandur.
- 1.3.8. Leptóspírósa.
- 1.3.9. Sjúkdómar af völdum annarra sýkla í vinnuumhverfi sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns og sýkils og sjúkdóma sem hann fær.

### 2. Sjúkdómar í líffærakerfum sem verða fyrir áverkum.

#### 2.1. Atvinnutengdir öndunarfærasjúkdómar.

- 2.1.1. Lungnaryks-/ryklunga-sjúkdómar af völdum herslamyndandi steinryks (kísillunga, kollunga, asbestlunga, steinlunga).
- 2.1.2. Kísilberklar (silicotuberculosis).
- 2.1.3. Lungna- og lungnaberkjusjúkdómar af völdum málmryks.
- 2.1.4. Járnryklungu, (Siderosis).
- 2.1.5. Berkjusjúkdómar vegna harð -málma ryks
- 2.1.6. Lungna- og lungnaberkjusjúkdómar af völdum bómullar-, hör-, hamp- eða sísalhampryks.
- 2.1.7. Atvinnutengdur asmi af völdum viðurkenndra næmisvaka.
- 2.1.8. Ofsanæmislungnabólga vegna innöndunar á lífrænu ryki eða lífefnamenguðum loftúða tengt vinnu.
- 2.1.9. Lungnaþemba vegna innöndunar á kolaryki, ryki úr steinnámum, ryki frá timbri ryki úr kornrækt og landbúnaði, ryki úr vefnaðarvöru og papírsryki tengt vinnu.
- 2.1.10. Lungnasjúkdómar af völdum áls.
- 2.1.11. Kvillar í efri öndunarvegi af völdum viðurkenndra næmisvaka eða ertandi efna sem eru eðlislægur hluti af vinnuferlinu.
- 2.1.12. Hvaða aðrir öndunarfærasjúkdómar sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfa starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.

#### 2.2. Húðsjúkdómar

- 2.2.1. Snertiofnæmishúðbólgur og snerti ofsakláði orsakað af öðrum þekktum ofnæmisvökum tengt vinnu en getið er í öðrum liðum
- 2.2.2. Snerti ertihúðbólgur orsakaðar af öðrum þekktum ertandi efnum tengt vinnu en getið er í öðrum liðum.

- 2.2.3. Atvinnutengdir skjallblettir á húð orsakaðar af öðrum þekktum efnum tengt vinnu en getið er í öðrum liðum.
- 2.2.4. Hvaða aðrir húðsjúkdómar og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfa starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.

### 2.3. Stoðkerfissjúkdómar.

- 2.3.1. de Quervain-heilkenni vegna endurtekinna hreyfinga, ofraunar eða ofálags á úlnlið.
- 2.3.2. Langvinn sinaslíðursbólga í hönd eða úlnlið vegna endurtekinna hreyfinga, ofraunar eða ofálagsstöðu á úlnlið.
- 2.3.3. Ölnarhöfuðshálabeledgsbólga vegna langvinnns þrýstings á olnbogasvæði.
- 2.3.4. Hálabeledgsbólga framan hnéskefjar vegna langvinnrar legu á hnjám.
- 2.3.5. Gnipbólga vegna endurtekens álags
- 2.3.6. Liðþófaskemmdir vegna langvinnra vinnu á hnjám eða á hækjum sér.
- 2.3.7. Heilkenni úlnliðsganga, vegna langvinnra álagsvinnu, vinnu í titringi, ofálagsstöðu á úlnlið, eða blöndu þessara þriggja þátta.
- 2.3.8. Hvaða aðrir stoðkerfissjúkdómar og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfa starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.

### 2.4. Geðsjúkdómar

- 2.4.1. Áfallastreituröskun.
- 2.4.2. Hvaða aðrir geðsjúkdómar aðrir, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfa starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.

### 3. Atvinnutengt krabbamein.

- 3.1. Krabbamein af völdum eftirfarandi efna/orsakavalda.
  - 3.1.1. Asbest.
  - 3.1.2 Bensedín (benzedine) og salta þess.
  - 3.1.3. BCME-klórmetýleter.
  - 3.1.4. Króm VI sambanda.
  - 3.1.5. Koltjara, koltjörubik eða sót.
  - 3.1.6. Betanaptilamín.
  - 3.1.7. Viníklóríð.
  - 3.1.8. Bensen.
  - 3.1.9. Eitraðar nítró- og amínó-afleiður bensóls eða samsvarandi efni.
  - 3.1.10 Jónandi geislun.
  - 3.1.11. Tjara, bik, jarðbik, jarðolía eða efnasambönd, afurðir eða úrgangur þessara efna.
  - 3.1.12. Loftmengun frá kox- eða sindurkoolaofnum.
  - 3.1.13. Nikkelsambönd.
  - 3.1.14. Timburryk.
  - 3.1.15. Aresenik og sambanda þess.
  - 3.1.16. Beryllíum og sambanda þess.
  - 3.1.17. Kadmínium og sambanda þess.
  - 3.1.18. Eríónít.

3.1.19. Etýlen oxíð.

3.1.20. Krabbamein af völdum hvaða annarra efna/orsakavalda sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns við orsakavaldinn og krabbameinið sem hann fær.

#### 4. Aðrir sjúkdómar.

4.1. Námumannaugniða.

4.2. Hvaða aðrir sjúkdómar og ekki eru upp taldir í greinum hér á undan, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfa starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.

*Fylgiskjal V*

**Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar  
kjörtímabilið 2011–2014.**

**Fulltrúar ríkisstjórna.**

*Eftirtalin tíu aðildarríki tilnefna fastafulltrúa:*

Bandaríkin  
Brasilía  
Frakkland  
Indland  
Ítalía  
Japan  
Kína  
Rússland  
Sambandslýðveldið Þýskaland  
Stóra-Bretland

*Aðildarríki sem eru kjörin til að nefna aðalfulltrúa:*

Argentína  
Ástralía  
Danmörk  
El Salvador  
Egyptaland  
Íran  
Kanada  
Katar  
Kongó  
Kólumbía  
Litháen  
Níger  
Sambía  
Tansanía  
Tógó  
Trinidad og Tobago  
Ungverjaland  
Víetnam

*Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafultrúa:*

Alsír  
Angóla  
Botsvana  
Búlgaríá

Gana  
Holland  
Indónesía  
Kambodía  
Kazakhstan  
Kenía  
Kýpur  
Kostaríka  
Kúba  
Líbanon  
Malta  
Mexíkó  
Rúmenía  
Pakistan  
Panama  
Sri Lanka  
Sameinuðu arabísku furstadæmin  
Simbabve  
Suður-Kórea  
Súdan  
Sviss  
Taíland  
Úrúgvæ  
Venesúela

### **Fulltrúar atvinnurekenda.**

#### **Aðalfulltrúar:**

S. Allam (Egyptaland)  
P. Anderson (Ástralía)  
D. Funes de Rioja (Argentína)  
R. Goldberg (Bandaríkin)  
R. Hornung-Draus (Þýskaland)  
E. Julien (Frakkland)  
D. Lima-Godoy (Brasilía)  
H. Matsui (Japan)  
K. Mattar (Sameinuðu arabísku furstadæmin)  
Y. Modi (Indland)  
J. Mugo (Kenía)  
J. Rønne (Danmörk)  
C. Syder (Stóra-Bretland)  
L. Traore (Malí)

#### **Varafultrúar:**

O.M.S. Alrayes (Bahrein)  
K. De Meester (Belgíu)  
J.A. de Regil (Mexíkó)

Djimanto (Indónesía)  
A. Echavarría Saldarriaga (Kólumbía)  
A. Frimpong (Gana)  
L. Horvatic (Króatía)  
A. Jeetun (Máritíus)  
J.M. Lacasa Aso (Spánn)  
H. Liu (Kína)  
M. Mdwaba (Suður-Afríka)  
M. Megateli (Alsír)  
M. Moskvina (Rússland)  
K. Rahman (Banglades)  
A. Savané (Gínea)  
A. Urtecho (Hondúras)  
F. Welzijn (Súrínam)  
P. Woolford (Kanada)  
A. Yuma (Kongó)

### **Fulltrúar launafólks.**

#### **Aðalfulltrúar:**

N.M. Adyanthaya (Indland)  
K. Asamoah (Gana)  
B. Byers (Kanada)  
L. Cortebeeck (Belgíu)  
R. Diallo (Gínea)  
S. Fox (Bandaríkin)  
J. Gomez Esguerra (Kólumbía)  
S. Gurney (Stóra-Bretland)  
G. Jiang (Kína)  
H. Kaddous (Alsír)  
H. Kelly (Nýja Sjáland)  
T. Sakurada (Japan)  
M. Shmakov (Rússland)  
M. Sommer (Þýskaland)

#### **Varafultrúar:**

F. Atwoli (Kenía)  
I. Carcamo (Hondúras)  
R. de Leeuw (Belgíu)  
C. del Rio (Ítalía)  
F. Djondang (Tsjad)  
E. Familia (Dóminíska Lýðveldið)  
M. Francisco (Angóla)  
B. Hossu (Rúmenía)  
A. Hussain (Bahrein)  
M. Lateef (Pakistan)  
G. Martínez (Argentína)

L. Matibenga (Simbabve)  
B. Ntshalintshali (Suður-Afríka)  
B. Pandey (Nepal)  
R. Silaban (Indónesía)  
N. Souza da Silva (Brasilía)  
T.L. Sundnes (Noregur)  
Y. Veyrier (Frakkland)  
A. Wolanka (Pólland)

